



Námskrá Leikskólans Sælukots 2026

Þessari námskrá er vissulega ætlað að tikka í box fræðslufirvalda, en hún er þó fyrst og fremst kennsku- og námsgagn fyrir símenntun kennara leikskólans og ber þess vísitandi merki að formi og inntaki.

Gunnlaugur Sigurðsson

Áhersla skyldi lögð á siðræna menntun í skólakerfi okkar og háleitar hugsjónir. Ekki einungis heimspeki og hefðir. Ástundun siðrænna gilda skyldi vera þýðingarmesta námsefnið á námskránni á öllum skólastigum. Barnið skyldi vakið til alheimslegrar vitundar. Kurteisvenjur og faguð framkoma eru ekki nóg. Raunveruleg menntun leiðir til djúprar tilfinningar elsku og samkenndar með öllu sköpunarverkinu.

SÁVIDYÁ YÁ VIMUKTAYE–Menntun er það sem frelsar Education is that which liberates

P.R. Sarkar



Bernskan er grunnur ævinnar sem mótar allt lífshlaupið.
Sé góðum fræjum sáð í huga barns í bernsku mun það bera ávöxt
seinna á lífsleiðinni. P.R.Sarkar



Inngangur

Góður Guð er í smáatriðinu, skrifaði Gustave Flaubert. Fullkomleikinn, hefði hann getað sagt. Umönnun og menntun barna í leikskóla gerist í þeirri fjöld smáatriða sem mynda líf þeirra hvern leikskóladag. Alger forsenda þess að börn njóti þeirrar umönnunar og menntunar í leikskólum sem þeim er ætlað í Aðalnámskrá, leiksólanámskrám, pólitískri stefnumörkun, eða bara í væntingum foreldra þeirra, er að kennararnir hafi áhuga og getu til að raungera í smæstu atriðum og daglangt með sjálfum börnum slík markmið. Til þess að börnin fái notið þeirrar góðu undirstöðu í hugmyndafræði og menntunarfræðilegri sýn leikskólans, þá þurfa kennarar hans að geta útfært í smáatriðum hvert það prógramm, hverja þá athöfn sem skila á þessum góða grunni til barnanna sjálfra hvert augnablik.

Það kann að vera erfitt að útskýra eðli þessa máls fyrir utanaðkomandi og það skýrist ekki fyllilega með óhlutbundnum hugtökum eða kenningum. Það skýrist með náinni athugun á þeim veruleika sem leikskólinn er. Þannig hef ég getað greint, að námsleg virkni barnanna á deildum leikskólans megi vissulega þakka góðum námslegum prógrömmum sem kennararnir innleiða, en um leið, að virkni þessara prógramma er að finna í samskiptum og tengslum kennaranna við börnin. Börnin kunna að hafa eðlislægan áhuga á viðfangsefnunum sem standa þeim til boða, og hafa það, en mestu varðar að þeim eru boðin þau og þeim er hjálpað og leiðbeint um þau með óbrigðulli ástúð og hlýju kennaranna. Það er þessi *virka, ástúðlega nærvera kennaranna við börnin* sem gerir þeim fært að mynda lífandi, skapandi flæði leikgleði og áhuga barnanna.

Þetta er ef til vill augljós en þó vanræktur sannleikur um leikskólastarf. En það er hér sem ég tel að leikskólinn þurfi að halda vöku sinni og það er hér sem hann verður að einbeita sér. Einkunnarorð þess eru einmitt þessi:

Virk, ástúðleg nærvera kennaranna við börnin.

Ekki að hún komi í staðinn fyrir skýr, þroskandi og menntandi prógrömm heldur til þess að einmitt þau prógrömm nái tilgangi sínum. Tökum einfalt, raunverulegt dæmi:

Ég hef um skeið vanið komur mínar í *Salinn*, sem er miðstöð deildar elstu barnanna, að lokinni þátttöku minni í móttöku yngstu barnanna við opnun leikskólans á morgnanna. Þau koma þangað eitt af öðru eftir morgunverð og þeim er nokkuð frjálst hvað þau taka sér fyrir hendur fram að *Kærleikshringnum*, sem er fyrstur á formlegri dagskrá barnanna eftir morgunverð. Auðvitað er misjafnt hvernig börnin nýta sér þennan tíma, rými, leikföng og efnivið ásamt félagsskap hvers annars og nærveru minni og kennaranna sem koma nú til leiks hver af öðrum. Ég nýti aðstæður til að leggja járnbrautakerfi, byggja úr trékubbum, gera „töfragarð“ úr mislitum og óreglulegum kubbum fyrir tuskudýrin og yfirleitt að vera einbeittur við, að því er virðist, mín eigin viðfangsefni. Áhrifin eru þau, sem vænta mátti, að börnin dragast að þessum framkvæmdum, vilja vera með og líka hefja þeirra eigin framkvæmdir. Þau hjálpa til við byggingaráform mín og ég við þeirra. Þau áform höfðu til fjölbreyttrar getu barnanna og hæfileika en sérstaklega til getu þeirra til að framkvæma eftir áformi og um leið að setja framkvæmdina í ævintýrlegt samhengi. Þannig að framkvæmdunum fylgir ætíð tæknileg umræða, að hverju er tæknilega stefnt, en um leið hvaða ævintýri er þarna að gerast, iðulega með þekktum persónum og atburðarás úr daglegu lífi okkar eða úr sígildum ævintýrum.

Þarna höfum við með sannarlega *virtri og ástúðlegri nærveru* náð að breyta dálítið óreiðukenndum aðstæðum í skilvirka, gefandi náms- og kennslustund.

Þetta dæmi sýnir vonandi hvers vegna er skynsamlegt að útfæra þá áætlun um *virka, ástúðlega nærvera kennaranna við börnin* með áherslu á tjáningu í orðum jafnt og athöfnum

Í kjölfar nýrrar Aðalnámskrár leikskóla og löggjafar um leikskóla frá árinu 2023 réðst Leikskólinn Sælukot í viðamikla uppfærslu á leikskólanámskrá sinni. Þar fylgdum við vegvísi Kristínar Hildar hjá SFS Reykjavíkur, sem fól í sér nána þátttöku kennara í endurskoðuninni. Við litum á verkefnið sem tækifæri til starfsmenntunar kennaranna, sem reyndist farsæl afstaða, og notfærðum okkur þá vörðuðu leið í tímasettum áföngum og skilum á þeim til Kristínar Hildar, sem hún lagði fyrir okkur. Leikskólinn er í mikilli þakarskuldi ið Kristínu Hildi fyrir leiðsögn hennar.

Fulltrúar foreldra í foreldraráði Leikskólans Sælukots leikskólaárið 2024-2025 tóku sérstaklega að sér að gæta að tengslum endurskoðaðrar námskrárinnar við nýja Aðalnámskrá leikskóla, hvernig sú ný-húmaníska sýn, sem er causa essendi leikskólans, rímar við markmið og leiðir aðalnámskrárinnar. Leikskólinn Sælukot er þeim innilega þakklátur fyrir dýrmætt framlag þeirra.

Börn í Sælukoti koma ekki að texta námskrár leikskólans. Á hinn bóginn miðar öll námskráin ekki aðeins að velferð þeirra í nútíð og til framtíðar heldur er öll framkvæmd hennar háð samþykki barnanna hér og nú. Það sem börnin ekki vilja gera eða að sé gert við þau verður því sem dauður bókstafur í námskránni. Börn skuldbinda sig ekki með fyrirframákveðnu einhverju formlegu samþykki sínu heldur eru kennararnir skuldbundnir þeim um að tryggja, að allt þeirra líf í leikskólanum sé innblásið af hvöt þeirra til athafna, forvitni þeirra um leyndardóma hlutveruleikans, löngun þeirra til að vita og þekkja og geta sjálf, elskuríkri umhyggju þeirra hverju fyrir öðru og veruleikanum öllum, lifandi og lífvana í stóru og smáu, ótakmörkuðu ímyndunarafli þeirra, móttækileika fyrir alúð kennara sinna og ást og vaxandi tilfinningu þeirra fyrir hlutdeild eigin vitundar í alvitund heimsins.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Leikskólinn Sælukot	6
1.1 Tengsl Sælukots við aðra ný-húmaníska skóla	7
1.2 Saga leikskólans.....	7
2. Hugmyndafræði Leikskólans Sælukots	8
2.1 Ný-Húmanismi	8
2.1.1 Ný-húmanísk menntun	9
2.1.2 Ný-húmanísk gildi leikskólans	10
2.2 Markmið Ný-Húmanisma í menntun leikskólabarna.....	10
3. Leiðir að markmiðum Ný-Húmanisma í menntun leikskólabarna: <i>Menntun til sjálfbærrar frampróunar</i>	11
3.1 Efnisleg sjálfbærni	11
3.2 Vitsmunaleg sjálfbærni	11
3.3 Siðferðileg sjálfbærni	12
3.4 Tilfinningaleg sjálfbærni.....	12
3.5 Andleg sjálfbærni.....	12
4. Námskrá.....	13
4.1 Læsi.....	13
4.1.1 Um læsi 4-5 ára barna.....	14
4.2 Sjálfbærni.....	14
4.3 Heilbrigði og velferð	14
4.3.1 Mat á námi, þroska og velferð	15
4.4 Lýðræði og mannréttindi.....	15
4.5 Jafnrétti	16
4.6 Sköpun	17
4.6.1. Myndlist.....	17
4.6.2 Tónlist	17
4.6.3 Leiklist	17
4.6.4 Frjáls leikur.....	18
4.7 Kennsluaðferðir.....	19
4.8 Leiðir að markmiðum:	19
4.8.1 Alheimsleg viðhorf og þekking á veröldinni	19
4.8.2 Líkamlegur þroski.....	20
4.9 Læsi, list og leikur.....	21
4.9.1 Mælt mál.....	21
4.9.2 Lestur og ritun.....	22
4.10 Hugræn list, vitrænn þroski.....	22
4.11 Umhverfisvitund.....	23
4.12 Jóga.....	23

4.13 Vitund um andlegan veruleika	24
4.14 Andlegur þroski.....	24
5. Þemavinna.....	25
5.1 Þemu	26
5.2 Þemu og markmið	26
6. Daglegt líf í Sælukoti	29
6.1 Dagsskipulag á Sælukoti.....	30
6.2 Samskipti og hegðun	30
6.2.1 Stjórnupoka og Alheimur, (deildir ungbarna)	30
6.2.2 Himinn (miðdeild)	30
6.2.3 Vetrarbraut (deild elstu barnanna).....	31
6.3 Að leiðrétta hegðun	32
6.4 Skýr mörk.....	33
6.5 Að koma og fara	33
6.6 Kærleikshringurinn	33
6.7 Máltíðir	33
6.8 Hreinlæti.....	34
6.9 Fataklefi	34
6.10 Svefn og hvíld	34
6.11 Útivera.....	34
6.12 Frágangur og snyrtimennska.....	35
7. Hefðir og hátíðir í Leikskólanum Sælukoti	35
8. Samstarf heimilis og skóla.....	36
8.1 Aðlögun barns við upphafi leikskólagöngu	36
8.2 Dagleg samskipti foreldra og kennara	36
8.3 Foreldraviðtöl	37
8.4 Foreldrafundir.....	37
8.5 Foreldrafélag	37
8.6 Foreldraráð Sælukots	37
9. Samstarf leikskóla og grunnskóla	38
10. Mat á leikskólastarfinu	38
10.1 Innra mat.....	38
11. Sérfræðipjónusta	42
12. Lokaorð	42
12.1 Yama og Niyama söngurinn	42
13. Hafa samband.....	42
14. Umsögn foreldraráðs um skólanámskrá leikskólans.....	43

„Í hverjum leikskóla skal gefa út skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlunleikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags.“

Úr lögum um skólanámskrá, 2008, 14. grein.

1. Leikskólinn Sælukot

Í landi andstæðna, elds og ísa, er staður þar sem sólin skín án afláts, líka á veturna,. Hún skín í björtum augum litlu barnanna okkar. Þau ljóma og skína jafnvel bjartar en systir okkar sólin sjálf.

Sælukot er einkarekinn leikskóli. Hann er fjögurra deilda og getur vistað 72 börn. Yngsta deildirnar tvær eru ungbarnadeildir og heita Stjörnupoka og Alheimur, miðdeildin heitir Himinn og elsta deildin heitir Vetrarbraut.

Leikskólinn tekur við við börnum frá 12 mánaða aldri.

Sælukot er staðsett í nágrenni við sjóinn, matjurtagarðana og flugvöllinn. Rétt norðan við skólann er rgróðri vaxin klettahæð sem við köllum *Holtið*. Umhverfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Á leiksvæðunum eru sandkassar, rólur, klifurkastali með rennibraut, fjórar sex barna kerrur sem börnin kalla *strætó*, stjörnu-vegasalt, útielldhús, vörubíll, hóll sem á er klifurbraut til að klifra upp og rennibraut til að renna sér niður, gróðurhús, blóm, tré, runnar, og fleiri hólar sem nýtast vel sem sleðabrekkur á veturna. Þarna eru ýmis leikföng, rekur og skóflur til að grafa með í sandkassanum, skjólur til að móta með sandkastala og hrífur til að róta með ásamt traktorsgröfum og skurðgröfu. Utan sandkassanna leika börnin sér með bolta, þríhjól, bíldekk, rugguhest og ýmislegt smádót sem þau nota í sífellt endurnýjaða og breytilega leiki sína. Í eftirmiðdaginn, þegar oftast eru flest börn á leikvöllumunum, má sjá þau vera önnur kafin að elda mat í útielldhúsunum, í búðarleik undir klifurkastalanum, í tilfallandi leikjum á hólunum, að hjóla, renna sér í rennibrautum, róla sér og sparka eða henda á milli sín boltum. Þess utan er sífellt mikið að gerast í einkum stóra sandkassanum þar sem sjá má framtakssama persónuleika með skóflu í hönd grafa djúpt í sandinn á meðan aðrir eru að skreyta nýgerðan sandkastala með stráum og smásteinum. En dýrð heimsins er hverful og að lokinni útivist hverfa leikföng til síns heima í skápa og kistur, djúpar holur og sandkastalar jafnast út og önnur vegsummerki um óþrjótandi framkvæmda- og sköpunarkraft barnanna sömuleiðis. Með stækkuðu útileiksvæði verður væntanlega hægt koma til móts við þá sterku hvöt barna að vilja sjá eftir sig varanlega framkvæmd, en þangað til sæta þau skilmálum leiksins úti við, að spilin enda ætíð að lokum í spilastokknum uns þeim er spilað á ný. Þar fyrir er leikur barnanna ekki einfaldlega endurtekning á því sama vegna þess að hann þróast með þroska þeirra og menntun. Þannig má iðulega sjá í leik þeirra eldri spuna sem varir frá degi til dags uns þau hafa líkt og fengið nægju sína um sinn af þessum tiltekna leik og snúa sér að öðrum.

Á leikvöllum Sælukots á slíkum eftirmiddegi kemur hlutverk kennaranna í lífi barnanna mjög skýrt fram. Yngstu börnin þarfnast vitaskuld margvíslegrar hjálpar

þeirra og leiðsagnar og þau eldri þarfnast þess einkum að séu skapaðar kringumstæður fyrir að leikur þeirra þróist í að þau leiki sér saman. Þess vegna ber öll viðvera og athafnir kennaranna á leikvöllum með sér siðferðilegan boðskap og leiðsögn um samhygð, samhjálp, réttlæti og vináttu.

Staðsetning leikskólans býður upp á gönguferðir niður að sjó eða upp í *Holtið* og vestur að ærslabelgnum, fyrir utan þá afarvinsælu leiðangra sem farnir eru með strætisvögnum borgarinnar á áhugaverða staði og viðburði.

1.1 Tengsl Sælukots við aðra ný-húmaníska skóla

Ný-húmanískt skólastarf fer fram í fjölda landa um allan heim. Það fer fram í yfir eitt þúsund leikskólum, grunnskólum, framhaldskólum og barnaheimilum sem stofnað hefur verið til á undanförunum 30 árum. Þessar menntastofnanir eru innbyrðis tengdar með tvennum hætti. Annars vegar með sameiginlegri hugmyndafræði Ný-Húmanisma og þeirri menntastefnu sem hefur verið þróuð á grundvelli hennar og hins vegar gegnum þá leiðsögn og stjórnun sem skólarnir njóta af hálfu alþjóðlegra, sérmenntaðra starfsmanna. Á herðum þeirra hvílir sú ábyrgð að skólarnir uppfylli þær gæðakröfur sem í menntastefnu Ný-Húmanisma felast. Auk haldgóðrar þekkingar á Ný-Húmanisma og ný-húmanískri menntastefnu liggur sérþekking þeirra í kerfisbundinni áralangri ástundun andlegs lífs. Þeir eru sérfræðingar í jógavísindum sem slíkum, ástundun þeirra vísinda og leiðsögn. Þessi sérfræði þeirra í kenningu og ástundun er lykilþáttur í skólastarfi sem kennir sig við Ný-Húmanisma. Það er því skylda hvernar menntastofnunar sem starfar undir merkjum Ný-Húmanisma að lúta leiðsögn þessara sérfræðinga.

Nánar um ný-húmanískt skólastarf um allan heim: <http://www.nhe.gurukul.edu>

1.2 Saga leikskólans

Árið 1977 var stofnaður á Íslandi fyrsti ný-húmaníski leikskólinn í Evrópu. Hann var stofnaður af félögum úr jógahreyfingunni Ananda Marga á Íslandi og gefið nafnið Leikskólinn Sælukot. Nokkrum árum síðar kom Didi Ananda Sukriti til Íslands til þess að veita skólanum forstöðu. Didi, eða "litla appelsínugula nunnan" eins og hún var oft kölluð, tók mjög virkan þátt í samfélaginu í Reykjavík. Einn af núverandi kennurum skólans á bernskuminningar um Didi á ferðinni hér og þar um bæinn. Auk starfs Didi við skólann var hún einnig vel þekkt sem "appelsínugula nunnan sem gaf okkur ókeypis súpu". Unglingar héngu gjarnan niðri í bæ og Didi hafði gaman af því að færa þeim mat.

Það voru hin jákvæðu samskipti hennar við félagi Ananda Marga, foreldra, kennara, samfélagið og áhrifafólk í samfélaginu sem gerðu henni kleift að byggja skólanum það húsnæði sem hann hefur notið æ síðan. Margir lögðu fram ómælda sjálfböðavinna við skólastarfið og við byggingu skólahússins. Þetta uppbyggingarstarf naut velvildar borgaryfirvalda og þáverandi borgarstjóri, Davíð Oddson, sýndi því sérstakan áhuga. Skólinn naut velvildar þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur, sakir góðra tengsla Didi og hennar. Frú Vigdís heimsótti skólann og leikskólabörnin höfðu um árabil að reglu að færa forsetanum blóm á afmælisdegi hennar og sungu fyrir hana.

Árið 1995 urðu yfirmannaskipti í skólanum. Didi Ananda Tapatii kom til Íslands og tók við skólanum, en "litla appelsínugula nunnan" fór til þjónustustarfa annars staðar í heiminum. Nýja Didi lagði mikla atorku í skólastarfið á starfsárum sínum. Sú nýsköpun í skólastarfinu og ekki síst sú ást og umhyggja sem hún sýndi börnum skólans, foreldrum þeirra og starfsfólki efldi skólann enn í starfsemi sinni og því áliti sem hann naut í samfélaginu. Vegna vinsælda skólans og hversu langur biðlistinn var, tók Didi þá ákvörðun að byggja við skólann. Árið 2001 var búið að bæta við skólann stórra leikstofu, nýju baðherbergi, tveimur minni herbergjum, sólstofu, íþróttaaðstöðu, nýju grindverki kringum lóðina, bílastæði, litlum garði og nýjum leiktækjum á leiksvæðið. Didi starfaði í rúm 10 ár á Íslandi. Fleiri Didar hafa ljáð skólanum krafta sína, Didi Anandamayi, Didi Ananda Nirmala og Didi Ananda Raganuga. Núverandi Didi heitir Ananda Kaostubha. Orðið Didi þýðir systir.

Þegar ég hitti fyrrum nemendur skólans sem nú eru orðnir fullorðnir, kennara og foreldra þá sé ég hvernig leiðsögn P.R. Sarkars hefur snert og mótað líf þeirra. Sem kennarar sjáum við oft ekki beinan árangur starfs okkar í þjóðfélaginu en hérna sést þó skýr merki hans. Fyrir ekki all löngu birtist frétt af börnum frá skólanum okkar sem höfðu skipulagt tombólu til styrktar barnaspítalanum Hringnum. Þau tóku gömlu leikföngin sín og aðra hluti og seldu fyrir framan matvörubúð og gáfu allan ágóða til barnaspítalans. Börnin voru 8-9 ára og fyrrum nemendur í Sælukoti. Móðir þriggja barna sem öll voru í Sælukoti sagði eftirfarandi sögu. Eitt sinn var hún föst í umferðarhnút og mjög ergileg yfir því. Þá byrjaði 3ja ára sonur hennar, að kenna henni hugleiðslu. „Lokaðu augunum slakaðu á og segðu **Baba Nam Kevalam. Ást er allt í kringum okkur.**“

2. Hugmyndafræði Leikskólans Sælukots

"Þegar hugarfarið sem liggur til grundvallar mannúðarhyggju nær til alls, bæði lifandi og lífvana í þessum alheimi þá hef ég nefnt það Ný-Húmanisma. Þessi Ný-Húmanismi mun lyfta mannúðarhyggju upp til alheimshyggju, ást á öllu sköpunarverkinu". (P.R. Sarkar)

2.1 Ný-Húmanismi

Ný-Húmanismi er ný siðfræði fyrir nýtt árpúsund. Hann dýpkar skilning okkar á því hvað er að vera manneskja með því að skerpa meðvitund okkar um tengsl okkar við alheiminn. Með Ný-Húmanisma er okkur boðið að sjá inn í óráviddir og leyndardóma lífsins. Leiðandi hugsuður Ný-Húmanisma er indverski heimspekingurinn, þjóðmálafrömuður og dulspekingur, Prabhat Rainjan Sarkar (1921-1990). Ný-Húmanismi er heimspekilegur í framsetningu, byltingarkenndur í hugsun og andlegur í afstöðu. Hann er hugarfar góðvildarinnar. Til að kenna ást verður maður að elska. Til að elska verður maður að sjá það guðdómlega í öllu. Til að sjá það guðdómlega í öllu verðum við að hugleiða hið guðdómlega sjálf innra með okkur öllum og dansa við guðdóminn á lífsleið okkar.

" Ný-Húmanismi er ný skilgreining á Húmanisma. Húmanismi (Mannúðarstefna) og mannkyn hafa verið mjög vinsæl orð síðustu aldirnar en einungis mannkynið hefur fallið undir mannúðarstefnu. Sú skilgreining er ekki fullnægjandi, hún svarar ekki

kröfum mannlegs samfélags í þróun. Því skyldi ást og umhyggja hins þróaða mannshuga einungis taka til mannanna sjálfra en ekki allra lifandi vera, þar með talið jurta?

Þetta er hin nýja skilgreining á Húmanisma, Ný-Húmanismi. Hann nær til alls lífríkisins. En hver er þá staða hins lífvana heims innan Ný-Húmanisma. Í grundvallaratriðum er nánast enginn munur á lífi gæddum heimi og lífvana. Sumir skýra það svo, að þegar hreyfing á sér stað innan formgerðar þá teljist hún lifandi en að öðrum kosti lífvana. En þessi skýring er ekki fullnægjandi vegna þess að það er hreyfing innan bæði lifandi og lífvana hluta. Ný-Húmanismi nær þannig til mannvera, dýra, plantna og lífvana tilvistar ekki síður, allt niður til smæstu einda atómsins."

P.R. Sarkar

2.1.1 Ný-húmanísk menntun

„Fái einstaklingur góða grunnmenntun á mótunarskeiði í upphafi ævi sinnar mun hann sleppa klakklaust gegnum storma og stórviðri lífsins. Grænar greinar ungs trés má sveigja að vild en þegar tréð er fullvaxið brotna greinarnar ef reynt er að breyta lögun þeirra.“ (P.R. Sarkar).

Ný-húmanísk menntun er heildræn. Lögð er áhersla á alhliða þroska, að þroska í jafnvægi líkamlega, hugræna og andlega eiginleika. Hún hefst með og styðst eftirleiðis við hagnýta leiðsögn um góðar lífsvenjur og ástundun uppbyggilegra lífshátta.

Leikskólinn Sælukot starfar eftir ný-húmanískri menntastefnu. Því er nauðsynlegt fyrir alla sem að skólanum koma að vita deili á þeirri hugmyndafræði sem þar býr að baki. Hún á rætur sínar eða upptök í andleg heimspeki. Andleg heimspeki er útlístan á því hvernig mannleg vitund er sprottin af sjálfri vitund alheimsins. Hún byggir þannig á þeirri fullvissu að heimurinn sé til í vitund „einhvers“, eða þess sem við köllum Guð. Maðurinn nýtur vegna hugræns þroska síns og sjálfsvitundar meðvitaðrar nálægðar við vitund alheimsins. Jóga felur síðan í sér hagnýtar aðferðir til þess að gera hugleiðslu skilvirkari, en hugleiðsla er í jógavísindum leið mannsins að því endanlega markmiði andlegs lífs að sameina vitund sína vitund alheims. Andlegt líf er líf í jafnvægi. Ástundun jóga og hugleiðslu stuðla að hugrænu og líkamlegu jafnvægi og það gera viðeigandi lífshættir líka, matarræði, hegðun og hugsunarháttur.

Andleg heimspeki útskýrir þróunarhring vitundarinnar. Flest þemaverkefni í Sælukoti fjalla um þróunarhringinn. Þau eru:

- ☐ Kærleikur og ást.
- ☐ Himingeimurinn.
- ☐ Loft.
- ☐ Eldur og stjörnur.
- ☐ Vatn.
- ☐ Steinar, klettar og fjöll.
- ☐ Plöntur, blóm og tré.
- ☐ Dýr í sjónum.
- ☐ Skriðdýr.

- ☐ Skordýr.
- ☐ Fuglar.
- ☐ Villt dýr.
- ☐ Húsdýr.
- ☐ Fólk.

Sjá nánar í kafla 5.2.

Ný-húmanísk menntun er sprottin upp úr hugmyndum P.R. Sarkars um nýja tegund menntunar. Í ný húmanískum skólum sem starfa um allan heim hafa kennsluaðferðir verið þróaðar og mótaðar. Kennsluhandbók fyrir leikskóla sem gengur undir nafninu „Circle of Love“ eftir Didi Ananda Mitra er aðal handbók ný-húmanískra kennara. Bókin er vegvísir til mannúðlegrar kennslu, að kenna frá hjartanu. Hver skóli gerir síðan sína eigin skólanámskrá og starfsmannahandbók með tilliti til þeirra aðstæðna sem hann starfar í.

2.1.2 Ný-húmanísk gildi leikskólans

Gott siðferði er undirstaða heilbrigðs samfélags. Í öllum mannlegum samskiptum er öguð framkoma ómissandi. Með því að læra og fylgja nokkrum grundvallarreglum siðferðis getum við lifað í sátt við fólkið í kringum okkur, einstaklinga og samfélag. Í Leikskólanum Sælukoti syngja börnin og læra siðareglur jóga, Yama og Niyama. Í siðareglunum felast þau gildi sem starf leikskólans byggist á, eins og samhugur, gleði, góðvild, sannsögli, hjálpsemi, hreinlæti, nægjusemi, fyrirgefning og að valda engum skaða.

Kjörorð leikskólans Sælukots eru „*Baba Nam Kevalam. Ást er allt í kringum okkur.*“

2.2 Markmið Ný-Húmanisma í menntun leikskólabarna

- ☐ Að börnin taki veröldinni af einlægri forvitni, elsku og umhyggju fyrir henni í stóru og smáu.
- ☐ Að þroska hæfileika sérhvers barns, líkamlega, huglæga og andlega.
- ☐ Að börnin taki veröldinni af einlægri forvitni, elsku og umhyggju fyrir henni.
- ☐ Að vekja hjá barninu löngun að vita og löngun að læra.
- ☐ Að búa börnin undir hærri menntastig með bóklegri og verklegri færni.
- ☐ Að stuðla að persónulegum þroska barnanna með góðu siðferði, heiðarleika, sjálfstrausti, sjálfsaga og samvinnu.
- ☐ Að efla líkamlega vellíðan og huglæga færni barnanna með jóga og einbeitingartækni, íþróttum og leik.
- ☐ Að þroska fegurðarskyn barnanna og vitund fyrir menningu gegnum leiklist, dans, tónlist og list.
- ☐ Að æfa börnin í að verða virkir og ábyrgir þátttakendur í samfélagi.
- ☐ Að efla vistfræðiskilning barnanna, skilning þeirra á samtengingu alls í veruleikanum. Að vekja þau til umhyggju fyrir öllum lifandi verum og til virðingar fyrir tívist alls í sköpunarverkinu.

- ☐ Að stuðla að alheimslegu viðhorfi barnanna, án mismununar á grundvelli trúar, kynþáttar eða kynferðis.
- ☐ Að efla kennara og foreldra í hlutverki þeirra sem góðar fyrirmyndir barnanna.

3. Leiðir að markmiðum Ný-Húmanisma í menntun leikskólabarna: *Menntun til sjálfbærrar frampróunar*

Að eitthvað sé sjálfbært merkir almennt, að það rýrir ekki eða eyðir því sem það nýtir til tilvistar sinnar. Frá sjónarmiði Ný-Húmanisma jafngildir sjálfbærni frampróun mannkynsins á grundvelli gilda sem sprottin af af þeirri vissu, sem áunnin er með hugleiðslu, að alheimurinn sé gæddur vitund, sem okkar eigin vitund sé sprottin af. Þessi vissa um alheimslega vitund vekur hjá okkur sterka þrá eftir samhug með henni. Þann samhug finnum við í innstu vitund okkar sjálfra og með ábyrgðarkennd fyrir og elsku á birtingarmyndum hennar í sköpunarverkinu öllu. Frá sjónarmiði Ný-Húmanisma eru sjálfbærar þær athafnir okkar, starfsemi, lífnaðarhættir og lífshlaup allt sem virða tilvistargildi alls sem er og því meir sem það ber með sér hærra vitundarstig. Af því er sprottin ást okkar á öllu lífi og virðing okkar fyrir tilvist alls sem lífvana er. Við unnum börnunum þess innilega að vakna með þroska og menntun til vaxandi ábyrgðarkenndar á velferð sköpunarverksins og elsku og þrá eftir samhug með þeirri vitund sem það er sprottið af. Þessa ábyrgðarkennd og elsku viljum við vekja á öllum sviðum mannlegrar tilveru og þess vegna greinum við sjálfbærnihugtakið niður eftir tilvistarlegu eðli þess sem það beinist að.

3.1 Efnisleg sjálfbærni

Að mennta börnin til efnislegra umbóta á sviði

- ☐ vistfræði. Að hjálpa börnunum að greina og virða samvirkni og tengsl alls í sköpunarverkinu.
- ☐ hagfræði. Að hjálpa börnunum að ástunda samvinnu í sköpun gæða og réttlæti í miðlun þeirra.
- ☐ heilbrigðisfræði. Að hjálpa börnunum að ástunda jóga: Samræmdar líkamlegar æfingar til að styrkja líkamann og samband hugar og líkama.
- ☐ næringarfræði. Að hjálpa börnunum að nærast á umhverfislega og efnahagslega ábyrgan hátt með jurtafæði, sem er næringarrík, náttúruleg fæða mannsins og styður við árangur af iðkun jóga.

Hugsýn þessa er: *Athafnir mínar hafa áhrif á jörðina og líkama minn, lát mig stíga létt til jarðar og virða fegurðina sem er tilveran sjálf.*

3.2 Vitsmunaleg sjálfbærni

Að mennta börnin til góðviljaðrar þekkingar á veruleikanum og á stöðu sinni í honum.

- ☐ Við menntum börnin þeirra vegna, minnug þess sem gildir um okkur sjálf, að *eins og ég hugsa, þannig verð ég.*
- ☐ Viðfangsefni barnanna mótist af góðvild og manngæsku og séu fagurfræðilega aðlaðandi og hvetjandi til þáttöku í lífinu.

- ☐ Við leiðum börnin í hugleiðslu við hæfi barna með að markmiði að dýpka vitsmunalíf þeirra og styrkja siðferðilega dómgreind þeirra.
- ☐ Við leiðum þau til byrjunar á dýpri skilningi á tengslum vitundar þeirra við vitund alheimsins gegnum hugleiðslu og með því að gera þessi tengsl að forvitnilegu, merkingarbæru, vitrænu rannsóknarefni.

Hugsýn þessa er: *Hvernig ég kenni hefur beina þýðingu fyrir framtíðina. Lát kennslu mína vera gædda þeirri ást og fegurð sem sjálf tilveran er gædd.*

3.3 Siðferðileg sjálfbærni

Að mennta börnin til elsku á að njóta og sýna af sér sanngirni, réttlæti, tillitssemi, samhygð og til hæfileikans að láta sér annt um velferð annarra.

- ☐ Góðvild sprettur af jákvæðum tengslum okkar við heiminn.
- ☐ Með eigin fordæmi hjálpum við börnunum að mynda tengsl góðvildar við aðra.
- ☐ Með eigin fordæmi og í krafti þessara tengsla kennum við börnunum að gleðjast yfir að njóta sanngirni og að vera sanngjörn;
- ☐ að njóta réttlætis og vera réttlát;
- ☐ að njóta tillitssemi og vera tillitssöm;
- ☐ að njóta samhygðar og sýna samhygð;
- ☐ að njóta umhyggju og vera umhyggjusöm.

Hugsýn þessa er: *Ég kenni í anda tengsla minna við lífið og tek fagnandi þeim skyldum sem það leggur á herðar mér.*

3.4 Tilfinningaleg sjálfbærni

Að mennta börnin til dýpra og gjöfulra tilfinningalífs með því að

- ☐ hjálpa börnunum að vekja hjá sér tilhlökkun, spenning og innblástur í skapandi, merkingarbær viðfangsefni;
- ☐ að leiða börnin í viðfangsefni í þágu lífs og velferðar annarra: manna, dýra, plantna og lífvana vera;
- ☐ að leiða börnin í sameiginlega tilgangsmiðuð viðfangsefni í námi og leik.

Hugsýn þessa er: *Ég kenni af hjarta, og þannig tek ég af gleði þátt í að byggja börnin upp af tilfinningalegum styrk og þroska.*

3.5 Andleg sjálfbærni

Að mennta börnin til forvitni um undur sjálfrar tilvistar alls sem er, til íhugunar um eigin vitund, til lífshátta og viðhorfs sem styðja við andlega ástundun með hugleiðslu við hæfi barna.

- ☐ Með eigin fordæmi og leiðsögn vekjum við börnin til forvitni og athugunar á hlutveruleikanum nær og fjær, í stóru og smáu.
- ☐ Með eigin fordæmi og leiðsögn vekjum við forvitni barnanna um tilvist þeirra sjálfra í hlutveruleikanum.

- Með eigin fordæmi og leiðsögn leiðum við börnin til athygli á þeirra eigin vitund, vitund alls sem lifir og vitund alheimsins sem öll vitund okkar sem anda drögum er sprottin af.
- Með eigin fordæmi og leiðsögn veitum við börnunum hlutdeild í vitund alheimsins með því trausti á lífið og eigin gæfu sem það vekur í huga þeirra.

Hugsýn þessa er: *Andlegt líf mitt og kennsla eru eitt og hið sama, með þjónustu minni við mannkyn tjái ég af gleði þátttöku mína í lífinu.*

4. Námskrá

Grunnþættir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (maí 2022) eru eftirfarandi: *Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.*

Í Aðalnámskrá leikskóla segir:

- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.
- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.

4.1 Læsi

Leikskólinn Sælukot varast að útvatna læsishugtakið þannig að „læsi“ sé notað um nánast alla getu og færni barna í samskiptum þeirra við umheiminn. Mörg önnur hugtök eru betur til þess fallin að gera þeirri margbreytilegu færni nákvæmari skil í einstökum atriðum. Leikskólinn lítur svo á, að börn hafi lífshagsmuni að því að verða læs á texta, í þeim skilningi að greina hratt og umhugsunarlaust orð í þeirri röð bókstafa sem mynda textann. Sé barn ekki læst á texta í þessum skilningi þess orðs hamlar það óhjákvæmilega skilningi þess að innihaldi hans. Þarna er strax tilefni til að gera greinarmun á því að barn sé læst og hversu vel það skilur tilfallandi texta en ekki að tala um það óaðgreint með einu orði; „læsi“.

Það segir sig síðan sjálft, að slík færni ein og sér, að greina án umhugsunar orð í röð bókstafa, hún tryggir ekki vitsmunalegan þroska barns og að lestur einn veitir barni ekki næga reynslu af heiminum til að geta lifað farsællega í honum. Engum dettur það í hug. Leikskólinn telur ekki vera hlutverk sitt að kenna börnunum beinlínis að lesa með það að markmiði að þau verði læs á texta áður en þau byrja í grunnskóla. Það kann þó að henda að einstaka barn verði það, en hlutverk leikskólans er hér að vekja áhuga þeirra á texta, einkum texta í bókum, og gera bækur og texta að vaxandi viðfangsefni barnanna þannig að þeim verði eðlilegt að handfjatla bækur, skoða bækur, að sé lesið fyrir þau af bók og að bókstafir og tölustafir verði þeim handgengið viðfangsefni.

Leikskólinn gerir þess utan sitt ýtrasta til að auka næmni og skilning barnanna á heiminum. Næmni og skilningur þeirra á tali annarra er þar vissulega í aðalhlutverki. Leikskólinn þjálfar börnin í að hlusta og greina orð í tali annarra og gefa þeim merkingu. Við köllum það þjálfun í *málskilningi*. Hún helst í hendur við margvíslega örvun og þjálfun barnanna í tali þeirra sjálfra. Í leik þeirra og margvíslegum viðfangsefnum æfast börnin þess utan í skilningi sínum á margvíslegum leikreglum, skráðum og óskráðum. Þau öðlast þannig leikskilning og aukna samskiptafærni og þar með lífsleikni. Í framkvæmd er sú menntun sem leikskólinn veitir börnunum eftir bestu getu sinni áberandi á þeim sviðum og með þeim áherslum sem felast í læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, án þess auðvitað að takmarkast við hana. (Sjá *Lesið í leik*, læsisstefna leikskóla, Reykjavíkurborg 2013)

4.1.1 Um læsi 4-5 ára barna

Á þessum aldri eru börnin farin að tala mikið og skilningur eykst. Setningarnar verða flóknari og oftast er framburður og beyging orðin góð. Börnin segja frá yfir hópinn, sýna hlut og lýsa eða lýsa veðrinu. Rím, vísur, þulur og söngtextar sem auka orðaforðann. Lesa fyrir börnin daglega og útskýra orð, notuð er orðaspjallsaðferð. Segja börnunum sögur og láta þau búa til sögur. Æfa hljóðkerfisvitund að hlusta eftir fyrsta hljóði. Finna hluti sem byrja á ákveðnu hljóði. Para saman hljóð og hlut sem á hljóðið. Leika með grunnformin og teikna þau til undirbúnings fyrir skrift. Nota sandpappírstafti, æfa með vísifingri og löngutöng að draga rétt til stafs. „Búa til stafinn sinn“, lita, mála, leira, skrifa í sand og sauma stafti. Mála með vatni stafti á dökkann vegg úti. Skrifa ofan í punktalínustafti, láta börnin skrifa frjálst t.d. nafnið sitt, nöfn pabba, mömmu, systkina og vina. Skrifa orð og tengja við hlut, leggja alltaf áherslu á hljóðin. Leyfa börnunum að skrifa frjálst eftir hljóðum. Á elstu deild skiptast börnin á að vera *bókavörðurinn*. Bókavörðurinn sér um að bækurnar í bókahillunni séu í röð og reglu og vel farið með þær.

4.2 Sjálfbærni

„*Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.*“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 18).

Fyrir leikskólann og leikskólaumhverfið felst þetta í meðvitund um umhverfi sitt, andlegu viðhorfi til alls lífs og umhverfis, að lifa í sátt við umhverfi sitt, sjálfa sig og náungann.

Sjá nánar í kafla 3.

4.3 Heilbrigði og velferð

Samhliða menntun barnanna og samofið henni og vellíðan þeirra er heilbrigði barnanna eitt mikilvægasta viðfangsefni leikskólans. Heilbrigði nær til líkama barnanna, huga þeirra og vitundarlífs, eða þess sem við almennt köllum andlegt líf þeirra. Líkamlegu heilbrigði barnanna er gætt með hreyfinu, hreinlæti, hvíld, næringu,

snyrtimennsku og forvörnum gegn meiðslum og sjúkdómum. Leikskólinn kappkostar að gæta huglægs heilbrigðis barnanna með því að styrkja sjálfsmynd þeirra, veita þeim tilfinningalegan stuðning og skilning og hjálpa þeim í jákvæðri sýn þeirra á lífið og tilveruna og farsæla afstöðu og framkomu við ferðafélaga sína á plánetunni Jörð, manneskjur, dýr, plöntur og lífvana veruleikann. Hér telur leikskólinn að skipti máli að börnin smám saman og eftir getu sinni og þroska öðlist tilfinningu fyrir hlutdeild sinni í vitundarlífi alheimsins.

4.3.1 Mat á námi, þroska og velferð

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja við nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Markmið matsins er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska þeirra, námi og líðan. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna í leikskólanum Sælukoti er lögð áhersla á: alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti. Matið snýr því að alhliða þróun barnsins.

4.4 Lýðræði og mannréttindi

„Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. [...] Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 19).

Mannréttindi fela í sér virðingu, bæði gagnvart börnum og fullorðnum. Réttindum sem einstaklingar hafa, rétt þeirra á umhyggju, vernd og þátttöku í samfélaginu.

Leikskólinn Sælukot lítur ekki svo á að lýðræði á sviði stjórn mála sé yfirfæranlegt á svið barna í leikskóla. Fyrir því er einföld ástæða. Í leikskólanum er óhugsandi að einhver meirihluti barna útiloki einhvern minnihluta barna frá hlutdeild í gæðum, ákvörðunum, völdum eða áhrifum eins og reglan er í lýðræðislegri yfirstjórn ríkisins og á mörgum undirsviðum þess. Leikskólinn lítur reyndar svo á, að meirihlutaræðið á stjórn málasviðinu sé því aðeins réttlætanlegt þar, að það virði nokkur grundvallargildi um mannlega breytni. Að gætt sé sanngirni, réttlæti ríki, skynsemi metin að verðleikum, tillitssemi sýnd og samhygð og ábyrgðarkennd. Þetta séu um leið þau gildi sem gera mannlegt samfélag almenn að farsælli tilvist meðlima þess.

Leikskólinn hefur þessi gildi að leiðarljósi í samskiptum allra meðlima leikskólasamfélagsins til þess að gera tilvist okkar farsæla og til þess að börnin menntist til farsællar þátttöku og til farsælla áhrifa á samfélag sitt á öllum sviðum þess.

Leiðir okkar í menntun barnanna til lýðræðislegrar þátttöku og lýðræðislegra áhrifa í samfélaginu eru:

- Að sýna börnunum fordæmi og leiðsögn í að lifa eftir ofangreindum gildum.

- ☐ Að veita börnunum þjálfun í að vinna saman að sameiginlegum viðfangsefnum.
- ☐ Að þjálfar börnin í að deila með öðrum takmörkuðum gæðum.
- ☐ Að þjálfar börnin í skoðanaskiptum og málefnalegri lausn á ágreiningi.
- ☐ Að þjálfar börnin í að taka sjálfstæðar ákvarðanir og að taka eða njóta afleiðinga þeirra.
- ☐ Að hafa í huga að þótt brýnt sé að mennta börnin til farsællar þátttöku í samfélagi, þá er hvert barn einstök manneskja sem á rétt á og er nauðsyn á að fá að tjá og njóta persónuleika síns.
- ☐ Að ekkert barn sæti mismunun á vegna kyns, kynþáttar, uppruna, né annarra ómálefnalegra atriða.
- ☐ Að hverju barni sé hjálpað til að yfirstíga íkamlegar eða hugrænar hindranir til hámarks menntunar.

Stuðst er við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

4.5 Jafnrétti

„Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 19-20).

Hlutverk kennaranna í Leikskólanum Sælukoti er að laða fram með framkomu sinni og kynnum barnanna af persónuleika þessara fyrirmynda sinna þann hug hjá börnunum og athafnir, sem gera þeim eðlilegt að lifa án íþyngjandi fordóma um sig sjálf, um aðra og stöðu sína meðal jarðarbúa allra. Í leikskólanum er jafnréttismenntun hluti af daglegu viðfangsefni allra þar sem börn og kennarar bera með sér þann fjölbreytileika sem börnin þjálfast í að aðlagast, virða og meta. Það felst í að

- ☐ læra að lifa í sátt og samlyndi sem ein heild ólíkra einstaklinga;
- ☐ að gera fjölbreytileikann að tækifærum til aukinnar samskiptafærni, víðsýni og samhygðar.
- ☐ að íslenskukunnátta verði ekki grundvöllur að aðgreiningu heldur sé hún tjáskiptatæki allra með velviljaðri aðstoð þeirra kennara og barna sem hafa hana að móðurmáli.
- ☐ að börnin kynni hvert öðru brot úr lífsháttum sínum utan leikskólans, svo sem með söng á móðurmáli sínu og myndum af sér með sínum nánustu.
- ☐ Vera vakandi yfir að öll börnin standi jafnfætis, hafa virðingu að leiðarljósi.
- ☐ Að öll börnin nái árangri í íslensku.
- ☐ að leikskólinn rækti sérstaklega samstarf við foreldra af erlendum uppruna, meðal annars með tilliti til tvítyngdra aðstæðna barna þeirra.

4.6 Sköpun

„Í sköpun felst að móta, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit“

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 22).

Leikskólinn Sælukot lítur á sköpun í athöfnum barnanna út frá því sem gerist í hugarheimi þeirra í sköpunarferlinu. Og þar er skynsamlegt að gefa sér ekki að við vitum hvert það ferli nákvæmlega er. Það væri því fljótráðið að halda að sköpun birtist nauðsynlega í „frumleika“ og eigi sér þess vegna ekki stað þegar barn er að reyna að líkja eftir fyrirmynd með verki sínu eða athöfn. Aðalatriðið er að barnið hafi aðstæður til, sé hvatt til og leiðbeint um að gera það sem börnum er eiginlegt að gera: Að reyna að framkvæma eftir hugmynd sinni, sem ætíð nær lengra en geta þeirra til að framkvæma hugmyndina. Hlutverk kennaranna er að örva, leiðbeina og umfram allt að forða því að ófullkomleikinn í framkvæmd hugmynda sinnar valdi barninu vonbrigðum og dragi úr því kjarkinn. Helstu afmörkuð svið sköðunar í leikskóla má segja að séu eftirfarandi, án fordóma um að þau séu eini vettvangur hennar.

4.6.1. Myndlist

- ☐ Kynnast og nota ýmiskonar efni og aðferðir
- ☐ Kynnast línu, lögun, formi, lit, mynstri og áferð
- ☐ Trölladeig, leir, sköpun úr verðlausum efnum
- ☐ Læra að nota skæri, lím, límband, pensla, liti, blýant
- ☐ Læra að halda á blýanti

4.6.2 Tónlist

Leikskólinn kappkostar að börnin

- ☐ njóti og læri að njóta tónlistar í leikskólanum;
- ☐ læri að syngja og þjálfist í söng;
- ☐ læri að beita hljóðfærum við þeirra hæfi;
- ☐ þjálfist í að dansa við hljómfall;
- ☐ verði elsk að tónlist og söngelsk.

4.6.3 Leiklist

Leikskólinn kappkostar að

- ☐ börnin beiti leikrænni tjáningu til að læra um tilfinningar, gildismat og veröldina í kringum okkur;
- ☐ börnin þrói leik sinn til hluterkaleiks;
- ☐ börnin kynnist leikhúsi í stóru og smáu, leikbrúðum, búningum og persónusköpun.

4.6.4 Frjáls leikur

Eitt af fyrirheitum frjáls leiks barna lýtur að því að börnin nái að þroska vilja sinn. Við það eitt að barnið fær að velja sér viðfangsefni að leika sér með, eða „vinna“ með, sem stundum er og ekki að ástæðulausu kallað svo, styrkjum við vilja barnsins. Barnið tekur afstöðu til þeirra kosta sem eru í boði og ef vel eða eðlilega tekst til þá stendur það með vali sínu, er ánægt með það og væntir mikils af því.

Þetta eigið val barnsins á viðfangsefni verður því með öðrum orðum hvöt til athafna. Þegar til þeirra kemur, þegar barnið fer að „vinna“ í viðfangsefninu eða að leika sér með það, þá verður sá leikur „frjáls“ í þeim skilningi að barnið leikur sér af eigin hvötum. Viðfangsefnið verður því hvatning en um leið gerir það kröfur til barnsins. Lítið barn langar til að „byggja“ úr einföldum kubbum. Það hefur einhverja sýn eða hugmynd um hvernig sú bygging skuli vera. Til þess að hún verði að veruleika þarf barnið að kunna lag á kubbunum. Kubbarnar setja barninu sín eigin skilyrði fyrir umgengni þess við þá og það getur jafnvel kostað barnið svita og tár að láta hugsýn sína um þá eða byggingaráform rætast, en líka samsvarandi sigurkennd þegar það tekst, jafnvel þótt verulega hafi þurft að slá af kröfunum í sköpunarferlinu.

Vilji barnsins styrkist í þessu ferli vegna þess að í því þarf barnið að komast yfir margvíslegar tálmanir sem viðfangsefnið sjálft leggur í götu þess á leiðinni til sigurs. En um leið lærist barninu þær takmarkanir sem efnisheimurinn setur því í umgengni þess við hann og auknum viljastyrk fylgir þroski annarra hugrænna og líkamlegra bjarga til árangurs, svo sem útsjónarsemi, leikni og þolinmæði. Sama á sér raunar stað þegar leikur barns þróast til samleiks tveggja eða fleiri barna í háttbundnum og fyrirfram reglusettum leikjum eða frjálsum hlutverkaleik.

Glíma barns við hlutveruleikann í leik og samskipti þess við önnur börn í háttbundnum eða frjálsum hlutverkaleik kennir þeim að taka tillit til annarra. Kubbar fara ekki að vilja manns nema að teknu tilliti til þeirra eigin „vilja“ og það gera leikfélagar ekki heldur. Í leik lærist barni þannig að taka tillit til vilja annarra til þess að geta notið þeirra í leik sínum við þá. Til þess að slíkt nám eigi sér stað þarf barnið að hafa hvöt til athafna, til leiks og samskipta í leik. Kennari þarf því að varast að ætla að stytta barninu leið framhjá þeirri lærdómsríku reynslu sem felst í leik þess. Hann verður að vera þess minnugur, að það er eitt að taka leiðsögn um glímuna við kubbana til að styrkja barnið í byggingaráformum þess og annað að taka leiðsögn sem barnið skynjar sem valdboð og án þess kost annað hvort að hlýða eða óhlýðnast.

Hafa verður í huga að barnið er að kynnast veröldinni eins og hún birtist í reynslu þess af henni og þess vegna er hægt að gera ráð fyrir því að barn undir þriggja ára aldri skilji ekki fyrirmæli nema í nánum tengslum við þessa reynslu þess. Fyrirmælin verða því að styrkja þá innri leiðsögn, þann „innri leiðbeinanda“ sem sú reynsla smám saman vekur hjá þeim og hugrænn og líkamlegur þroski þeirra gerir þeim mögulegt.

4.7 Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir í Sælukoti byggjast á barnsmiðaðri nálgun til menntunar og koma til móts við áhuga og námshætti hvers barns. Jafnframt því að skólinn fylgir skilgreindri dagskrá til menntunar sem fela í sér námssvið Aðalnámskrár leikskóla, þá er lögð áhersla á að búa börnunum þær aðstæður og námsval sem hjálpar þeim að þroska og dýpka áhugasvið sín og persónulega hæfileika. Við leggjum eindregna áherslu á „að læra gegnum athöfn“, og styðjum börnin í því að taka sínar eigin ákvarðanir, einstaklingsbundið og sem hópur. Leikgleði barna er helsti afluvið áhrifa þeirra. Því leggjum við ríka áherslu á leik þeirra sem leið til menntunar og þroska.

Helstu svið kennslunnar fela í sér líkamlega þroskandi athafnir og hreyfingu gegnum leiklist, tónlist, dans, útileiki, innileiki, íþróttir og jóga. Vitsmunalegan þroska gegnum þekkingu og skilning á heiminum, tungumál og tjáskipti. Félags-, tilfinninga- og persónuþroska með því að leysa vandamál og samskipti í morgunhringnum. Sköpun gegnum tónlist, list, handverk, og leiklist. Markmið okkar er að vekja löngun til þekkingar og ást á því að læra en á sama tíma að þróa möguleika og hæfileika sérhvers barns.

4.8 Leiðir að markmiðum:

Vera persónulega, félagslega og tilfinningalega meðvitaður/meðvituð. Í ný-húmanískri menntun barna í Sælukoti er gengið út frá þeirri vissu að þroski persónuleikans haldist í hendur við félagslegan þroska.

- Börnin læra um líkama sinn og huga. Gegnum nán samskipti við vini sína og kennara læra þau vinatengsl og tengjast tryggðarböndum við nánasta samfélag sitt.
- Í gegnum leik, listir, söng og sögur læra börnin að skynja líkama sinn, kynnast huga sínum og þroska tilfinningar sínar.
- Með hugleiðslu við hæfi barna byggjum við upp sameiginlega kærleiksríkt hjartalag strax í upphafi skólaársins. Hugleiðslan leiðir börnin inn í sínar innstu tilfinningar, ástin og samkenndin vex.
- Í Kærleikshring eykst tilfinningaþroski barnanna og orðaforði með samræðum, hlutverkaleikjum, brúðuleikhúsi.
- Börnin læra ný-húmanísk gildi í gegnum leik, frásagnir, ævintýri og skemmtilegar sögur.
- kennarar aðstoða og leiðbeina börnunum á mildan og ástúðlegan hátt.
- Skólaárið er kvatt með myndasýningu sem sýnir þá vinsemd og ást sem hefur vaxið og dafnað í leikskólanum frá hausti til vors.

4.8.1 Alheimsleg viðhorf og þekking á veröldinni

Í fjölmeningarsamfélagi ný-húmaníska leikskólans Sælukots fá börnin fjölbreytta reynslu, þar sem lögð er áhersla á að börnin kynnist og njóti samvistar við fólk af mismunandi þjóðerni, með mismunandi hefðir og tungumál. Börnin rannsaka umhverfi sitt og kynnast kennurum og samfélagi nemenda sem koma frá ýmsum

löndum. Börnin þroska tilfinningu fyrir alheimslegu samfélagi og þjónustu við mannkynið.

4.8.1.1 Alheimsleg viðhorf

- ☐ Börnin, foreldrar þeirra og kennarar eru öll þátttakendur í að móta kærleiksríkt skólasamfélag.
- ☐ Börnin og fjölskyldur þeirra kynna sína heimamenningu það líf sem þau lifa utan skólans, hefðir, stórfjölskyldu og sýna myndir frá heimaslóðum.
- ☐ Við þróum þann skilning barnanna á að mannkynið sé ein heild með hugmyndum eins og „við erum öll einstök þótt við séum öll ein heild“ og „smábörn stækka og verða skólakrakkar.“ Verkefni um hvernig við stækkum og þroskumst.

4.8.1.2 Þekking á heiminum

- ☐ Börn þroska persónuleika sinn með leikjum, söng, þrautum, púsluspilum og með samræðum við fullorðið fólk og gesti frá öðrum löndum.
- ☐ Börnin kynnast umhverfi sínu og aðstæðum með því að fylgjast með veðri, læra vikudagana og árstíðirnar. Þau fylgjast með störfum fólks, kynnast samgöngum, t.d. fara þau í strætó og gönguferðir um nágrennið.
- ☐ Börnin kynnast nærsamfélaginu og skilja að hver manneskja hefur sitt hlutverk og er mikilvæg fyrir öll hin.

4.8.2 Líkamlegur þroski

Hreyfing er mikilvæg fyrir börn. Í Leikskólanum Sælukoti læra börnin að beita líkama sínum í leikjum úti og inni. Þau upplifa heilbrigði og vellíðan sem eykst jafnt og þétt. Áhersla er lögð á fínhyrfingar þar sem börnin handleika hluti, skapa og búa til eigin hugarsmíð. Grófhreyfingar eru æfðar úti í leikjum og leiktækjum. Inni stunda börnin dans og jóga. Elstu börnin fá lengri útiveru og meiri áreynslu. Þau læra um mikilvægi þess að hafa heilbrigða sál í hraustum líkama.

4.8.2.1 Fínhyrfingar

- ☐ Börnin nota skynfærin til að kynnast heiminum í smáu og stóru. Þau fá margvísleg viðfangsefni til að þjálfra skynfæri sín og hreyfigetu í samhæfingu skynjunar, hugsunar og hreyfingar.
- ☐ Börnin auka færni sína í að nota áhöld á borð við skriffæri, skæri, og bursta.
- ☐ Við hnoðum og mótum leir og deig til að glæða sköpunargáfu og –þrá barnanna en um leið til að styrkja vöðva, sínar og bein í höndum þeirra.
- ☐ Börnin skapa með perlum og smáum kubbum, púsla og vinna með fíngerða hluti til að þjálfra skynjun í fingurgómum og fingrafimi.
- ☐ Við æfum samhæfingu augna og handa með grófum saumaskap.
- ☐ Börnin æfa fínhyrfingar með þrívíddarverkefnum, til dæmis kubbabyggingum þar sem þau kynnast um leið jafnvægi hluta þegar þau sjá hvernig þarf að staðsetja hluti svo jafnvægið haldist.

4.8.2.2 Grófhreyfingar

- ☐ Ungabörnin skynja líkama sinn og ná tökum á honum með því að velta sér, hossa

sér, detta og rekast á.

- ☐ Við æfum yngstu börnin í að ganga og þau eldri í að stikla á steinum og rekja spor.
- ☐ Við æfum jafnvægið, göngum á línu, göngum eftir planku og förum í skollaleik.
- ☐ Við æfum börnin í að kasta, grípa og sparka.
- ☐ Börnin klifra, hanga á höndum og reyna á líkamann að vild.
- ☐ Börnin læra að leika sér saman í hópleikjum og hópvinnu t.d. í boltaleikjum og vinnu þar sem hjálpast er að.
- ☐ Eltingarleikir úti eru spennandi og reyna á líkamann.
- ☐ Við leikum úti í náttúrunni (upp í holti) þar sem steinar verða fjöll og pollar úthöf.
- ☐ Með skapandi hreyfingum eins og dansi, leiklist, látbragðsleik og að líkja eftir dýrum, plöntum og náttúruöflunum þjálfar börnin líkamann.
- ☐ Við njótum þess að fara í könnunarferðir og göngutúra.

4.9 Læsi, list og leikur

Leikskólinn Sælukot leggur áherslu á leiki og list til að efla alhliða íslensku. Að efla orðaforða, hljóðkerfisvitund, framburð, tjáningu, lestur og skrift. Endurtekning auðveldar börnunum að læra orð og setningar. Kennslan fer fram í leik, leikið er með hljóðin, búin til taktur, notaðar fingrabrúður og brúðuleikhús.

4.9.1 Mælt mál

- ☐ Börnin þróa mælt mál með því að hlusta á sögur, frásagnir og ævintýri. Með söng og samskiptum við fullorðna, í leikjum og samtölum við önnur börn, vini og aðra þá sem þau umgangast.
- ☐ Börn sem þurfa örvun til máls fá sérstaka umönnun og kennarar leggja sig fram um að tala við þau. Ef grunur leikur á að barn glími við sérstaka málörðugleika sækjum við um greiningu fyrir það í samvinnu við foreldrana sem við síðan vinnum náið með í framhaldinu.
- ☐ Í *Kærleikshring* læra börnin meðal annars að taka þátt í samræðum, segja frá og svara spurningum. Þau búa til sögur, segja frá eigin hugmyndum og reynslu. Þannig leggja þau sitt af mörkum í sögustund og morgunhring.
- ☐ Til að efla sjálfstraust barnanna fá þau að hafa frumkvæði, hefja umræður og tjá sig í samskiptum við kennara.
- ☐ Börnin auka færni sína í að skipuleggja í munnlegum og sjónrænum leikjum, með leikbrúðum, með myndum og ímyndunarleikjum.
- ☐ Börnin auka orðaforða sinn með því að hlusta á sögur, segja sögur, læra vísur, þulur og söngtexta. Í samræðum við fullorðna, samræðum sem hvetja börnin til að tjá sig í orðum og hlusta eftir orðum.
- ☐ Börnin auka hæfileika sína til að hlusta við að hlusta eftir takti, klappa í takt, ríma, í söng og með því að læra vísur og þulur.

- ☐ Þau tengja saman tilfinningar, hreyfingar og takt í látbragðsleik og munnlegri tjáningu.

4.9.2 Lestur og ritun

- ☐ Við æfum börnin í að ná innihaldi þess sem lesið er fyrir þau og öðlast skilning með leikjum, spurningum, myndum og sögum fyrir byrjendur.
- ☐ Við æfum hljóðkerfisvitund barnanna í leikjum með hljóðin. Þegar barnið er tilbúið æfum við hljóð og staf, segjum hljóðið og tengjum saman hljóðið og stafinn.
- ☐ Við sýnum hvernig á að skrifa stafinn.
- ☐ Barnið æfir að draga rétt til stafs með því að fara með tveim fingrum eftir sandpappírsstaf.
- ☐ Börnin æfa skrift með hentugum skriffærum svo gripið verði rétt.
- ☐ Börnin æfa að skrifa í rétta átt (lestrarátt) og fylgja línu.
- ☐ Börnin spyrja hvernig á að skrifa orðin, við segjum hljóðin og þau skrifa stafina. Þannig búa þau til sínar eigin bækur og virkja sköpunarmátt sinn.
- ☐ Gegnum leikinn öðlast börnin skilning og færni til frekara náms.
- ☐ Börnin læra hugtök um rúmmál, tíma og lengd. Þau bera saman, telja og búa til myndir.
- ☐ Á óveðursdögum þegar ekki er hægt að fara út leika börnin sér í margskonar spilum og læra spilareglur.

4.10 Hugræn list, vitrænn þroski

Til að styrkja vitrænan þroska og hugræna listsköpun beinum við sjónum að hlutbundinni stærðfræði, landafræði í formi púsluspila og leikja, rýmisfræði með formum, kubbum og þrautum sem örva rökrænar ályktanir. Vitsmunirnir þróast samhliða skynjuninni, börnin læra gegnum reynslu, þau eru virk, þreifa á hlutum, skoða, smakka, snerta og hlusta. Á þann hátt fá börn æfingu í hlutbundnum leikjum, þau fá hindrunarlaust að æfa öll skynfæri sín. Þau fá að handleika áhöld og efni til að byggja upp verklega færni. Í leik setja þau sér ögrandi viðfangsefni sem eykur vitsmunaproska þeirra.

Námið er fléttað inn í leiki dagsins og dagsskipulag. Í Leikskólanum Sælukoti notum við skapandi leiki, púsluspil, sögur, hreyfingu og tónlist til kennslu.

- ☐ Börnin leika sér með þroskandi leikföng og örva með því huglæga getu þar með talið rökhugsun og stærðfræðilegan skilning. Þau flokka hluti eftir stærð, lögun og litum og skerpa minnið með minnisleikjum.
- ☐ Börnin læra að telja, skynja fjölda, þekkja táknið og skrifa tölustafina.
- ☐ Við könnum lögun hluta, þyngd og stærðfræðilega eiginleika í leik maður á mann og leysum þrautir í sameiningu.
- ☐ Við styrkjum og æfum rökræna hugsun, bæði munnlega og sjónrænt með því að bera saman ályktanir barnanna og réttar niðurstöður. Þannig fá börnin tækifæri til

að þjálfra rökhugsun sína.

- ☐ Börnin æfa að bæta við (samlagningu) og að taka af (frádrátt) í lausnaleit og leik.
- ☐ Form og rúmskynjun er æfð hlutbundið og á þann hátt læra börnin að þekkja lögun og heiti forma. Þrívíddar kubbabyggingar, uppstillingar og flísalögn eru aðferðirnar.
- ☐ Börnin skoða og leysa ýmsar rúmfræðilegar þrautir með kubbabyggingum. Þau skoða og kanna möguleika á mismunandi gerðum og tengsl milli mismunandi bygginga.
- ☐ Við höfum ánægju af að skoða innihald, taka í sundur og setja saman.
- ☐ Börnin flokka hluti og leikföng, raða, búa til munstur og raða myndum eftir atburðarás.

4.11 Umhverfisvitund

Samhliða því að skoða og njóta náttúrunnar kynnast börnin í Sælukoti hugmyndum um verndun náttúrunnar og sjálfbæra þróun. Vakin er áhugi barnanna á náttúrunni með því að kynnast og njóta dásemda hennar. Þau sá og rækta. Þau kynnast endurvinnslu. Hlusta á sögur um jörðina, stjörnur og alheiminn. Þau læra um dýr og jurtir. Allt er þetta fléttað inn í leik, þemaverkefni og tilraunir.

- ☐ Börnin gera tilraunir og skoða niðurstöður tilraunanna.
- ☐ Börnin kynnast náttúruöflunum gegnum frásagnir og tilraunir, eldi, vatni, jörð og lofti.
- ☐ Við lesum um alheiminn, reikistjörnur, sólina, mánann og jörðina og sýnum börnunum myndir.
- ☐ Áhugi á jurtum og dýrum er vakinn hjá börnunum.
- ☐ Við ræðum um árstíðir, ský, hringrás vatns, höf, fjöll, eldfjöll, jarðskjálfta og þrumuveður.
- ☐ Við kennum börnunum að annast og vökva blóm og jurtir.
- ☐ Í sameiningu reynum við að finna leiðir til að vernda náttúruna.
- ☐ Börnin taka þátt í endurvinnslu og verkefnum er lúta að sjálfbærni.
- ☐ Við venjum börnin á að láta sig varða umgengni um náttúruna t.d. með því að hreinsa upp rusl.
- ☐ Eftirtekt barnanna er vakin á umhverfismálum t.d. með því að forðast einnota vörur, spara pappír, láta ekki loga ljós að ástæðulausu, skrúfa fyrir vatnið og endurnýta.

4.12 Jóga

- ☐ Með jógaæfingum fá börnin aukna næmni fyrir líkama sínum. Þau samstilla huga og líkama með öndun og jógaæfingum.
- ☐ Börnin læra hvernig gera á mismunandi jógaæfingar.
- ☐ Börnin fá að heyra sögur af andlegum jógum, leika sögurnar og búa til jógaðans.
- ☐ Slakandi og jafnvægisfull áhrif jógaæfinga geta aukið námsgetu.

- ☐ Börnin nota öndun til að slaka á og slökunaræfingar sem auka einbeitingu, þannig ná þau tilfinningalegu jafnvægi.
- ☐ Áhrif jógastillinga og hreyfinga (mudras) koma fram í tjáningu tilfinninga og líkama.

4.13 Vitund um andlegan veruleika

Í Leikskólanum Sælukoti er kappkostað að auka næmni barnanna fyrir innri vitund sinni, þess sem þau verða vitandi um við kyrrð, fagra innri hugsýn, tónlist og eigin söng. Í *Kærleikshringnum* þjálfar þau færni sína í þessari innri einbeitingu samhliða tilfinningu sinni fyrir stöðu sinni í alheiminum, þeirri hugsýn að eiga með eigin vitund hlut í sjálfri vitund alheimsins og virða og gleðjast yfir tilvist alls sem er. Í

Kærleikshringnum er börnunum kynnt í söngtexta þau siðrænu gildi sem leiðbeina okkur til farsæls lífs, þau sömu og þau smám saman æfast í að fylgja í daglegu lífi sínu í leikskólanum.

- ☐ Kennarar leiðbeina og hjálpa börnunum í *Kærleikshringnum* að ná innri ró.
- ☐ Með fyrirmynd og hjálp kennara sinna þjálfar börnin hæfileika sína til að dvelja innra með sér á völdum stundum.
- ☐ Með fyrirmynd og leiðsögn kennara sinna læra börnin að virða tilvist, taka tillit til og sýna öllu og öllum í umhverfi sínu umhyggju.
- ☐ Með fyrirmynd og leiðsögn kennara sinna þjálfar börnin kærleiksríka tjáningu og framkomu í samskiptum sínum við börn og kennara og þroskast með því til kærleiksríkrar afstöðu til heimsins í stóru og smáu.
- ☐ Hafa skal í huga að börn þroska huga sinn við eigin tjáningu. Hlutverk kennara er að örva tjáning þeirra og beina henni inn á farsælar brautir, minnugir þess að menntun barna gerist ætíð stig af stigi. Börn þurfa að dvelja, tjá sig og athafna sig á hverju stigi til að komast á það næsta. Menntun stefnir að fullkomnun en hún gerist ætíð með ófullkominni tjáningu og athöfnum.

4.14 Andlegur þroski

Andlegur þroski lýsir sér í auknum hæfileika til að sækja sér hugmyndir, gleði og hamingju í eigin vitund. Stuðla má að andlegum þroska barna með því að vekja hjá þeim

- ☐ samhug, glaðværð, góðvild, ást á sannsögli, á hjálpsemi, hreinlæti, nægjusemi, fyrirgefningu og að valda engum skaða;
- ☐ lotningu og ást á öllu lifandi og lífvana;
- ☐ virðingu fyrir sjálfum sér;
- ☐ löngun til að upplifa samhljóm með öðrum í friði og rósemi við hugleiðslu í *Kærleikshring* að morgni;
- ☐ samkennd með náttúrunni;
- ☐ eðlislæga hrifningu þeirra fyrir töfrum alheimsins;
- ☐ tilfinningu fyrir alheimslegri fjölskyldu;
- ☐ upplifun á kennurunum sem sem kærleiksríkum fyrirmyndum;

- ☐ unun af sögum, söngvum, hlutverkaleikjum, leikhúsi, tónlist, listsköpun föndri;
- ☐ unun af hljóðum stundum í *Kærleikshringnum*;
- ☐ jákvæða sjálfsmynd með jákvæðum staðhæfingum um verk þeirra, styrk og viðleitni;
- ☐ jákvæð viðhorf til leiðsagnar og til aga með því að vísa til grunngilda um mannlega breytni en forðast neikvæða dóma um þau sjálf.

5. Þemavinna

Þegar við vinnum þemaverkefnið byrjum við á að setja okkur markmið um ferlið, ekki útkomuna. Lykillinn að gleði barnanna eru viðfangsefni sem vekja áhuga þeirra, góð samskipti við kennara og leikfélagana. Barnið er alltaf í brennidepli. Í Leikskólanum Sælukoti er innlögnin oftast saga sem við lesum, segjum eða leikum með leikbrúðum allt eftir aldri og úthaldi barnanna. Við skoðum bækur, sýnum myndir, segjum frá, syngjum, gerum tilraunir og búum til listaverk. Listaverkin geta verið að lita, klippa og líma, dans og jógaæfing eða jafnvel fjall í sandkassa. Við tökum myndir af ferlinu en ekki útkomunni því útkoman þarf ekki að vera sýnileg. Jafnvægi þarf að vera milli áhuga kennaranna á viðfangsefninu og hróss. Kennarinn þarf að gefa sér tíma til að ræða við og hlusta á barnið og hafa í huga að leikurinn verði málörvandi. Þegar kennari tekur þátt í leik barnanna eykur það leikgleði þeirra. Meginverkefni kennarans er að vera fyrirmynd og glæða leik barnanna fróðleik, gleði og ýta undir jákvæðar hugmyndir svo börnin læri gegnum leikinn. Kennarar ákveða hvað þeir vilja leggja áherslu á í þemavinnunni hverju sinni, úr mörgu er að velja.

- ☐ Efla sjálfstraust, sjálfsálit, sjálfstæði og öryggistilfinningu.
- ☐ Þroska jákvætt viðhorf gagnvart fólki með mismunandi menningarlegan bakgrunn.
- ☐ Læra að fara eftir fyrirmælum.
- ☐ Efla vináttu og vinna í hópum.
- ☐ Gera listræn verkefni.
- ☐ Þroska skilning á sínum eigin menningarlega bakgrunni og fjölskyldu.
- ☐ Söngur og tónlist, syngja lög við texta sem hæfa verkefninu.
- ☐ Læra samvinnu í leik og að deila með öðrum.
- ☐ Hlustun og tjáskipti gegnum samtal.
- ☐ Læra að þekkja og tjá tilfinningar, leysa vandamál og vinna með öðrum.
- ☐ Frjáls leikur og nám gegnum leik.
- ☐ Kynnast mismunandi menningu.
- ☐ Læra ný orð og auka orðaforða.
- ☐ Skoða bækur, skiptast á fréttum og tala saman.
- ☐ Skilja stærðfræðilegar aðgerðir svo sem að flokka, para saman, telja og mæla.
- ☐ Kynnast tölustöfunum, bókstöfunum og hljóðum stafanna.

- ☐ Leika sér með form, mynstur og liti.

5.1 Þemu

Ég sjálf/ur
Fjölskyldan mín
Fólkið í kringum mig og vinnan þeirra
Fólk alls staðar að úr heiminum
Kærleikur og Ást
Himingeimurinn
Loft
Eldur og stjörnur
Jólaundirbúningur (Christmas preparation)
Vatn
Steinar, klettar og fjöll
Skriðdýr
Dýr í sjónum & Villt dýr
Húsdýr
Fuglar og páskaundirbúningur
Skordýr
Plöntur, blóm og tré
Umhverfið
Yama
Niyama

5.2 Þemu og markmið

1. Ég sjálf/ur

Markmið:

- ☐ Efla sjálfstraust barnanna og kenna þeim mikilvægi þess að vera sáttur við sjálfan sig.
- ☐ Sjálfsþekking: allir eru einstakir og allir hafa einhverja hæfileika.
- ☐ Að börnin þekki líkama sinn og líkamshluta.
- ☐ Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar, gleði, reiði, sorg o.s.frv.
- ☐ Að börnin læri um hreinlæti.

2. Fjölskyldan mín

Markmið:

- ☐ Að börn öðlist skilning á hugtakinu fjölskylda.
- ☐ Að börnin skilji mikilvægi þeirra sem standa okkur næst og okkur þykir vænt um.
- ☐ Að börn beri virðingu fyrir fjölskyldu sinni.
- ☐ Að börnin geri sér grein fyrir mismunandi fjölskyldumynstrum.

3. Fólkið í kringum mig og vinnan þeirra

Markmið:

- ☐ Að börnin öðlist skilning á mikilvægi og tilgangi mismunandi starfa.
- ☐ Að börnin kynnist mismunandi störfum.
- ☐ Að börnin öðlist skilning á samvinnu og ávinningi hennar.
- ☐ Að börnin skilji mikilvægi þjónustu við samfélagið.

4. Fólk alls staðar að úr heiminum

Markmið:

- ☐ Að börnin kynnist mismunandi menningarheimum.
- ☐ Að börnin þrói með sér vitund um eigin menningu.
- ☐ Að börnin þrói með sér jákvætt viðhorf og umburðarlyndi gagnvart mismunandi menningu.
- ☐ Að börnin skilji að þó við séum frá ólíkri menningu erum við á vissan hátt öll eins og eigum eitthvað sameiginlegt.

5. Kærleikur og Ást

Markmið:

- ☐ Að börnin þrói með sér virðingu og ást hvert á öðru, dýrum plöntum og hinum lífvana heimi.

6. Himingeimurinn

Markmið:

- ☐ Að hjálpa börnunum að átta sig á hvað heimurinn er stór.
- ☐ Að börnin fái tilfinningu fyrir því að búa á plánetu í himingeimnum.
- ☐ Að börnin fái áhuga á stjörnum himingeimsins, en sérstaklega þó plánetum í sólkerfinu okkar.

7. Loft

Markmið:

- ☐ Að börnin fái ríkari tilfinningu fyrir og þekkingu á tilvists andrúmsloftsins á plánetunni okkar, Jörð, og margvíslegum eiginleikum þess og fyrirbærum sem þeir birtast í, eins og í misjafnlega sterkum vindi, loftþrýstingi sem þenur út gúmmíblöðru eða litlum blæstri okkar gegnum strá eða sogrör niður í vatn í glasi.

8. Jólaundirbúningur

Markmið:

- ☐ Skapa börnunum reynslu af undirbúningi fyrir gleðilega atburði í vændum. Þau taki jölunum líkt og árstíðunum eða afmælisdegi sínum eins og hluta af veruleikanum sem þau keppast við að vera undirbúin fyrir þegar atburðurinn gengur í garð.
- ☐ Notaðir í jólaundirbúningi til að vekja eftirvæntingu barnanna fyrir fögrum, dulrænum atburðum í nánd.

9. Eldur og stjörnur

Markmið:

- ☐ Að börnin kynnist þeirri staðreynd í raun, að hlutir geta brunnið og gildi þess að umgangast eld af skynsemi og varúð.
- ☐ Að börnin kynnist hita frá eldi og tengi þá reynslu við tilvist og eðli sólarinnar okkar, hvað hún gerir fyrir okkur og hvernig við eigum að umgangast heita og bjarta geisla hennar.
- ☐ Að börnin geri sér í hugalund að nánast allar stjörnur sem við sjáum eru sólir, en þó sé tunglið okkar og reykistjörnur ekki sólir, heldur plánetur sem við sjáum vegna þess að sólin okkar lýsir á þær.

10. Vatn

Markmið:

- ☐ Að börnin fái áhuga á margvíslegu eðli vatns, til dæmis að það getur runnið, myndað lárétt yfirborð, frosið, gufað upp, verið heitt, verið kalt.
- ☐ Að börnin fái áhuga á því að hlutir ýmist sökkva eða fljóta í vatni.
- ☐ Að börnin fái áhuga á því hvað verður um vatn sem þau drekka.
- ☐ Að börnin fái áhuga á vatninu á jörðinni, í höfunum, í stöðuvötnum, jöklum, ám, lyndum, regni, skýjum.
- ☐ Að börnin fái áhuga á margvíslegu hlutverki vatns í daglegu lífi okkar: Drykkjarvatn, vatn í matseld, þvottavatn, vatn til að vökva blómin, vatn í sundlaugum, vatn í krana, kalt og heitt.

11. Steinar, klettar og fjöll

Markmið:

- ☐ Að börnin kynnist og fái áhuga á hinum ýmsu steinum, stærð þeirra, lögun, lit, yfirborði, hljóði.
- ☐ Að börnin kynnist og fái áhuga á klettum að skoða og ganga á.
- ☐ Að börnin kynnist og fái áhuga á fjöllum við sjóndeildarhring okkar, stærð þeirra, hæð og hvaða nöfn þeim hefur verið gefin.

12-13-14-15-16 og 18. Dýrin

Markmið:

- ☐ Að börnin kynnist og fái áhuga á tilvist dýra almennt.
- ☐ Að börnin kynnist og fái áhuga á eiginleikum dýra, færni þeirra og lífsháttum.
- ☐ Að börnin fái þá tilfinning fyrir dýrum, að þau séu skynugar vitundarverur sem vilji vera til og eigi rétt á að vera til.
- ☐ Að börnin finni gleði í gleði og velferð dýra.
- ☐ Að börnin skilji að dýr hafa tilfinningar og eigin tilgang með lífi sínu, rétt eins og menn.

Þetta á við um öll dýrapemun. Í þessum þemum getum við fengið dýr í heimsókn og farið og séð dýrin.

17. Plöntur, blóm og tré

Markmið:

- ☐ Að börnin fái áhuga á tilvist plantna yfirleitt.
- ☐ Að börnin kynnist og fái áhuga á mismunandi tegundum plantna, til dæmis grasa, mosa, lyngs eða skófa á steinum.
- ☐ Að börnin fái áhuga á og læri um hvernig á að annast plöntur, þau þurfi mold, vatn, loft og sólskin til að þrífast.
- ☐ Að börnin fái áhuga á mismunandi tegundum blóma og læri að meta fegurð þeirra, ilm þeirra og ásýnd.
- ☐ Að börnin læri um og fái áhuga á sérstöku sambandi flugna og blóma.
- ☐ Að börnin læri að virða fyrir sér og verða snortin af stærð og mikilfengleik trjáa.
- ☐ Að börnin læri um og verði hugsandi um hvernig stórt tré getur vaxið upp af einu litlu fræi.
- ☐ Að börnin læri um og verði hugsandi um og þakklát fyrir allt það sem plöntur, blóm og tré gera fyrir dýr jarðarinnar og okkur mennina sérstaklega.

19. Umhverfispemað

Markmið:

- ☐ Að börnin öðlist tilfinningu fyrir því að umhverfi þeirra sé þeim vinveitt og því vinveittara sem þau hugsi betur um það, í hugsun og verki.
- ☐ Að börnin veiti athygli og fái áhuga á því sem myndar umhverfi þeirra, andrúmsloftinu, jörðinni undir fótum þeirra, því sem þau sjá næst sér og út að sjóndeildarhring, lifandi og lífvana náttúru, manngerðum hlutum og mannvirkjum.

6. Daglegt líf í Sælukoti.

Daglegt líf í leikskóla kann að virðast endurtekningarsamt, þar sem það markast af föstum athöfnum sem skipulagðar eru í dagskrá eða dagskipulag hvers dags, vikuáætlanir og lengri tíma áætlanir, starfsáætlanir og skólanámskrá. En það sem okkur kann að virðast endurtekning er, að vissum mörkum, nýtt fyrir börnunum. Það er vegna þess að með þroska og menntun taka þau hlutunum, viðfangsefnum og hverju augnabliki í lífi sínu með nýjum hætti. Að raða sömu kubbum upp og þau röðuðu í gær virðist okkur að sé endurtekning á því sama. Við nánari skoðun sjáum við að þau gera það af meiri leikni og ríkara ímyndunarafli, allt þar til kubbarir eru barninu ekki lengur sú áskorun sem þeir áður voru. Hvenær þeim mörkum er náð er mikilvægt, faglegt matsatriði fyrir kennarana. Það er kennslufræðilegt viðfangsefni að börnin nái námslega sem mest út úr viðfangsefnum sínum og gefi ekki kubba né önnur leikföng upp á bátinn án þess að hafa náð sem mestu út úr möguleikum þeirra í hugsun og verki barnsins, í hugkvæmni og færni, í sköpunar- og framkvæmdagleði. Skipulag í tíma og rúmi er leið leikskóla til að skapa börnunum merkingarbæra, þroskavænlega og menntandi reynslu. Sá tilgangur má aldrei gleymast svo honum verði ekki fórnað fyrir skipulagið sjálft. Ef það gerist hefur leikskólinn breyst í skrifræðislega stofnun.

Hér á eftir er fjallað um helstu viðfangsefni sem lúta föstu dagskipulagi til að tryggja að þeim sé sinnt vel og farsællega. Meðal þeirra er koma barnanna á morgnanna og brottför síðdegis, *Kærleikshringurinn*, náms- og leiktímar, hreinlæti, máltíðir, klæða sig úr og í, snyrtimennska og frágangur, útivist, hvíld.

6.1 Dagskipulag á Sælukoti

Klukkan 7:45– 9:15	Móttaka barnanna, morgunverður, frjáls leikur.
Klukkan 9:15- 9:45	<i>Kærleikshringur</i>
Klukkan 9:45-11:00	Hópatímar
Klukkan 11:00-11:45	Hádegismatur
Klukkan 11:45-12:30	Hvíld/samvera/sögustund/
Klukkan 12:30-14:00	Útivera
Klukkan 14:00-15:30	Nesti
Klukkan 15:30-16:30	Val
Klukkan 16:30-16:45	Róleg stund

6.2 Samskipti og hegðun

6.2.1 Stjörnupoka og Alheimur, (deildir ungbarna)

Fullorðið fólk getur ekki ráðið hvenær barn nær þroska til að fara að fyrirmælum eða virða reglur. Til þess að geta það þarf barnið að hafa þroskað vilja sinn, hafa öðlast viljastyrk. Sé ekki tekið tillit til þessa getur ótímabær áhersla á hlýðni barns leitt til þess að vilji þess þroskast hægar og geta þess til að taka leiðsögn og fylgja reglum láti á sér standa. Möguleikar kennarans, í þessu samhengi, liggja í því að greiða fyrir leikferlinu með leiðsögn sinni, uppörvun og leiðréttingum eftir þörfum, hafandi þó í huga að drifkrafturinn í ferlinu öllu er leikgleði barnsins sjálfs.

Við getum sagt að við ættum að greiða barninu leið að náttúrulegum þroska. Ef við hins vegar segjum barni að gera eitthvað sem er í andstöðu við þess „innri leiðbeinanda“ um samskipti þess við heiminn mun barnið ekki hlýða sjálfviljugt. Við getum þvingað barnið til að hlýða okkur en við höfum ef til vill í leiðinni firrt okkur tækifærinu til að kenna barninu að umgangast heiminn af virðingu. Því þarf að vera jafnvægi milli þess aga og frelsis sem barninu veitist. Það er auðsagt, en því verður einungis náð í þeim smáatriðum sem daglegt líf kennara og barns samanstendur af. Við reynum því að koma fram við barnið eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Við segjum barninu hvað við ætlum að gera fyrir það áður en við framkvæmum, eins þótt barnið sé ótalandi. Við spyrjum „á ég að hjálpa þér?“ þegar við förum að klæða það í eða úr. Við reynum þannig í framkomu okkar við börnin og samskiptum að styrkja þá innri leiðsögn þeirra sem þau eiga allt undir að þroskist. Það krefst af kennaranum ástar á barninu, árvekni, þolinmæði, hófstillingar, dómgreindar og af umhverfinu góðs en sveiganlegs skipulags.

6.2.2 Himinn (miðdeild)

Sum börn vilja dunda sér í ró og næði. Mikilvægt er að þau hafi aðstöðu til þess. Önnur sækjast eftir að vera virk og athafnasöm. Við höfum ekki trú á aga sem bælir lífsgleði og leik þessa aldurs. Börnum er ekki eðlilegt að vera hljóð og hreyfingarlaus.

Þau þurfa að fá að leika með tilheyrandi hávaða og athafnasemi en án árekstra. Við lítum svo á að barn sé agað þegar það hefur sjálfsaga. Sjálfsagi er undirstaða þess að geta fylgt reglum á fullorðinsaldri. Þegar börn eru eins og þeim er eðlilegt ná þau sambandi við sinn „innri leiðbeinanda“ og átta sig á hvað er rétt og hvað er rangt. Okkar hlutverk er að búa barninu eðlilegar aðstæður svo barnið geti notið sín. Við setjum þeim mörk en gefum þeim næg tækifæri til jákvæðra athafna. Hægt er að setja mörk og takast á við óæskilega hegðun án þess að hækka róminn eða skamma. Þegar við greiðum úr árekstrum milli barna segjum við upphátt það sem við sjáum. Við segjum bara staðreyndir án þess að dæma, við erum að lýsa eins og fréttamaður lýsir atburðarás á vettvangi. Oft er það nóg til að barnið átti sig á aðstæðum, róist og skipti um skoðun.

Við setjum börnunum skýr mörk af ró og öryggi. Við reynum að standa við mörkin sem við setjum og fylgjum þeim eftir. Við viðurkennum tilfinningar barnanna þegar þau eru ósátt eða eiga erfitt og erum ekki hrædd við viðbrögð barnsins þegar við setjum mörk. Hægt er að koma í veg fyrir ranga hegðun með réttum inngripum, ef rýmið er vel skipulagt og kennarinn er vel undirbúinn.

6.2.3 Vetrarbraut (deild elstu barnanna)

Fyrir á tímum tíðkaðist í mörgum skólum að þröngva aga upp á börn. Barnið átti að hlýða kennaranum án þess að mögla. Slíkt er í andstöðu við Ný-Húmanisma. Við sækjumst eftir sönnunum aga. Sannur agi kemur innan frá og það tekur mun lengri tíma að þróa innri aga hjá barni en að skipa því fyrir. Innri agi er mun heillavænlegri bæði fyrir barnið og umhverfi þess í framtíðinni. Barnið lærir að hugsa, vega og meta möguleika og taka skynsamlegar ákvarðanir um athafnir sínar. Náin tengsl barns við foreldra og umönnunaraðila stuðla að innri aga og öryggi. Í gegnum þau tengsl fær barnið að vita þetta um okkur:

- ☐ Ég sé þig, ég skil þig, ég heyri, ég stend með þér og er hér til að styðja þig;
- ☐ Ég treysti þér til þess að takast á við þetta sjálf/ur, finna lausn eða einfaldlega að skilja eftir óklárað verk því að verkefni sem við erum að læra eða æfa okkur í þurfa ekki endilega að klárast strax, eða fara eins og við sáum fyrir okkur. Það tekur tíma og krefst æfingar að komast upp á lagið með nýja hluti.
- ☐ Ég held ró minni þegar þú átt erfitt með eitthvað eða upplifir pirring og erfiðar tilfinningar. Það er eðlilegt að verða stundum pirraður og eiga erfitt með verkefni, aðstæður eða samskipti sérstaklega þegar við erum að gera eitthvað nýtt og krefjandi.
- ☐ Þegar vandamál koma upp eða eitthvað gengur ekki hjá okkur þá er gott að stoppa, hugsa og skoða hvaða skref við viljum taka næst, taka meðvitaða ákvörðun um framhaldið eða nota hugmyndaflugið til að finna nýjar lausnir.

Skýr mörk þjóna ekki þeim tilgangi að sýna að það séum við sem ráðum og höfum valdið heldur að leiðbeina barninu þannig að það festist ekki í óæskilegri hegðun eða gera hluti sem eru hættulegir því sjálfu, umhverfinu eða öðrum.

Við segjum börnunum satt og reynum ekki að fara á bak við þau, því börn sjá oft og vita ef verið er að segja þeim ósatt. Reglurnar þurfa að vera sanngjarnar til að barnið vilji fylgja þeim og við verðum ætíð að vera reiðubúin að rökstyðja þær og réttlæta með þeim gildum sem þær eru byggðar á. Aldrei má réttlæta reglu með því að hún sér regla, heldur með því að hún sé réttlát, sanngjörn, skynsamleg, eða á annan hátt góð til eftirbreytni. Ríkja þarf traust og virðing á milli barns og kennara. Gott samband og sterk tengsl skapa umhverfi þar sem barn vill vera í samvinnu við kennara sína og vill standa sig vel, ekki til þess að þóknast heldur af því að það er raunverulegt val þeirra.

Við treystum því og trúum að börn séu góð og vitum, að þegar þau sýna af sér óæskilega hegðun þá sé það vegna þess þau eigi einfaldlega erfitt með sig og vanti aðstoð eða hjálp frá okkur. Við höfum athyglina á börnunum, búum þeim öruggt, einfalt og nærandi umhverfi þar sem allir geta slakað á og verið þeir sjálfir í friði. Stundum getur verið erfitt að halda dagsskipulagi með börnunum en reglur og skipulag skapa þeim öryggiskennd um leið og gæta þarf þess að hvorki skipulag eða regla bæli tjáningu og athafnasemi barnanna heldur hjálpi til að skapa tjáningu þeirra og athafnasemi farsælan, þroskandi og menntandi farveg.

Við erum minnug þess að reglur og skipulag eru leiðir okkar að æðra markmiði. Bæði skipulag og reglur þurfa því að vera í bakgrunni þeirra athafna sem þau þjóna. Það eru þær sem gilda, hvað við gerum. Við erum því á sama tíma sveigjanleg og færum rök fyrir ákvörðunum okkar með því að vísa til þess sem skipulag og reglur þjóna en ekki til bókstafs þeirra. Þau þjóna menntun og þroska barnanna og með þeim stuðlum við að því andlega flæði sem við sækjumst eftir í Leikskólanum Sælukoti.

Kennarar þurfa alltaf að hafa í huga að þeir eru fyrirmyndir barnanna. Þegar þeir eru að kenna barninu eitthvað er gott að sýna barninu hægt og rólega hvernig á að gera. Ekki nægir að útskýra eingöngu með orðum fyrir svo ungum börnum. Þegar við höfum sýnt barninu hvernig á að gera biðjum við barnið að sýna okkur hvernig það gerir. Barnið fyllist stolti og sjálfstraustið eykst. Til að barn geti einbeitt sér þarf áhuginn að vera fyrir hendi. Fyrst þarf að þjálf barnið í að beina huga sínum inn á við til að einbeiting geti átt sér stað. Þegar barn hefur náð einbeitingu getur það sjálfviljugt tileinkað sér kennslu kennarans. Til að við getum sagt að við komum fram við börnin af virðingu og heiðarleika eigum við að koma fram við börnin eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

6.3 Að leiðréttu hegðun

Forðast skal að leiða barnið út í afsakanir, ásakanir, skammir, tuð og uppgjöf. Mestu er um vert hvað barnið ætlar að gera næst. Við notum opnar spurningar til að leiða börnin áfram að uppbyggilegum verkefnum og lausnum á vandamálum. Gott er að vera hugmyndarík/ur, nota setninguna „nú ætla ég að leyfa þér.“ Þegar börnin spyrja hvort þau megi þetta eða hitt er mjög gott að nota já- en regluna. Í stað þess að segja „nei“ er æskilegt að segja „Já en...“, eða „Já ef...“

Betra er að svara játandi og bæta skilyrði við. Til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd

barna eru til margar leiðir, s.s. með því að veita leik barnsins athygli, hrósa og hvetja, með jákvæðri umfjöllun um verk barnanna og með því að stuðla að vináttusamböndum. Við leitum til Sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, leikskóladeildar ef um alvarleg hegðunarvandkvæði er að ræða.

6.4 Skýr mörk

- ☐ Ekkert ofbeldi (ekki skaða aðra á neinn hátt).
- ☐ Ekki skemma eða taka það sem maður á ekki.
- ☐ Ekki trufla aðra sem eru að vinna eða læra.

6.5 Að koma og fara

Áhersla er lögð á að taka hlýlega á móti hverju barni svo það viti að það er velkomið í leikskólann. Í lok dagsins þökkum við fyrir daginn og segjum „Sjáumst á morgun!“ Mikilvægt er að börnin fari glöð heim og hlakki til næsta dags. Mikilvægt er líka foreldrar láti vita strax að morgni eða fyrr ef bbarn þeirra mun ekki koma í leikskólann vegna veikinda eða annarra ástæðna. Í leikskólanum er hugsað og rætt um þá sem eru fjarverandi.

6.6 Kærleikshringurinn

Kærleikshringurinn er hornsteinn dagskipulagsins í Sælukoti. Á föstudögum er hann sameiginlegur fyrir allar deildir en hina dagana er *Kærleikshringurinn* á hverri deild og fer eftir deildum hversu langur hann er. Hugleiðslan er fastur hluti af *Kærleikshringnum*. Þá setjast börn og fullorðnir saman í hring á gólfið, stundum með eithvað fallett, t.d. blóm, í miðjunni. Sungin er mantra, *Baba Nam Kevalam*, sem þýðir *ást er allt í kringum okkur*. Síðan sitja allir með krosslagða fætur og spenntar greipar í kjöltu sér og loka augunum smástund. Það fer eftir aldri barnanna hversu löng sú stund er. Oftast skapast alger kyrrð og samhljómur þótt stutt sé og markmiðið er að börnin upplifi þá einstöku tilfinningu sem því fylgir.

Á eftir hugleiðslunni er sunginn sérstakur „Góðan dag“ söngur. Sá/sú sem lokar augunum fallega fær að standa upp og telja hvað börnin eru mörg. Síðan tekur við ýmisskonar dagskrá, sniðin að aldri barnanna. Söngur, hreyfileikir, fréttaplutningur, standa upp fyrir framan alla og syngja, þulur, rím, veðurfræðingurinn athugar veðrið og merkir inn á kortið hvernig á að klæða sig fyrir útivist, og margt margt fleira. Hringnum er lokað með sérstökum söng þar sem við köllum á sólina: „*Sól úti, sól inni, sól í hjarta, sól í sinni, sól bara sól*“.

Deildirnar skiptast á að æfa eitthvert leik- eða söngatriði fyrir sameiginlegan *Kærleikshring* á föstudagsmorgnum og sýna fyrir áhorfendur af hinum deildunum. *Kærleikshringurinn* er, sem fyrr segir, hornsteinn dagskipulagsins og mikilvægt að börnin mæti tímanlega til að taka þátt í byrjun hvers dags í hugleiðslu sem samstillir okkur í skólanum um að láta gott af okkur leiða.

6.7 Máltíðir

Lögð er áhersla á friðsæla stund í matartímanum. Börnin læra að biðja kurteislega um að rétta sér við borðið, rétta öðrum og að þakka fyrir matinn. Umsjónarmenn úr

öllum aldurstigum fara með kennara fram í eldhús að sækja matarvagnana. Elstu börn leggja á borð. Allir takast í hendur fyrir máltíðina og syngja *þakklætissönginn*:

„*Þakka Guði fyrir fæðuna,
þakka Guði fyrir vinina,
þakka guði fyrir fuglasönginn,
þakka Guði fyrir allt saman,
og blessa máltíðina.* „

Kennarar og börn snæða saman inni á deildum. Maturinn er fjölbreyttur og hollur og eingöngu er boðið upp á vegan grænmetisfæði. Haframjól, brauð og kornmeti, baunir, kartöflur, gulrætur, paprika, gúrkur, salatblöð, rófur bananar, epli, jarðaberjasulta, jarðhnetusmjör.

6.8 Hreinlæti

Lögð er áhersla á að styrkja hreinlætisvenjur barnanna svo þau geti smám saman borið sjálf ábyrgð á þeim.

Skipt er á yngstu börnunum á föstum tímum og eftir þörfum þar að auki. Þegar þau hafa aldur til fara þau smám saman að æfa sig að sitja á salerninu. Handþvottur fer fram með hjálp hins fullorðna sem kennir börnunum að þvo sér og þurrka.

Foreldrar barna sem nota bleiur koma með þær að heiman reglulega og einnig blautklúta eða annað viðlíka.

3-5 ára börn. Fastir salernistímar verða smá saman óparfir. Þau fara sjálf á salernið eftir þörfum. Þó er alltaf farið á salerni fyrir máltíðirnar og hendurnar þvegnar. Nauðsynlegt er að minna þau á handþvott eftir salernisferðir.

5-6 ára börn Ekki eru reglulegir salernistímar, en börnin eru minnt reglulega á að fara á salerni og fylgst er með því að þau þvoi sér um hendurnar.

6.9 Fataklefi

Í fataklefa læra börnin að verða sjálfbjarga og að klæða sig. Elstu börnin klæða sig að mestu sjálf og æfa sig í að hneppa, reima, renna og smella. Markmiðið er að þau verði sjálfbjarga með klæðnað áður en grunnskólagangan hefst. Yngstu börnin fá þá hjálp sem þau þurfa en eru örvuð til að hjálpa sér sjálf. Einnig er tekin sérstök stund í að læra að klæða sig inni á deild.

6.10 Svefn og hvíld

Hvíld er börnunum mikilvæg. Öll börn fara í hvíld eftir hádegisverðinn. Sum yngri börnin sofa í vögnum sínum útvið þegar veður leyfir, annars í sérstöku rými, en önnur börn sofa í svefnrýmum inni. Börnin sofna við róandi tónlist og notalega nærveru kennaranna.

Foreldrar barnanna koma með lak, kodd, teppi eða sæng eða vagn á hverjum mánudegi. Á föstudögum fer þetta heim til þvotta. Allt á að vera merkt og líka snuð ef börnin nota slíkt. Eldri börnin hvíla sig og hlusta á sögu.

6.11 Útivera

Í útiveru æfa börnin grófhreyfingar þar sem þau fara í atorkusama leiki. Þau upplifa þá vellíðan sem það gefur og fara hinnar ýmsu leiðir til hreyfingar. Smátt og smátt fara þau að finna til öryggis í hreyfingu og geta notað áhöld og tæki sem eru á útivistarsvæðinu. Þau læra samstarf við aðra í leikjum. Hlaupa, stökkva, klifra, halda

jafnvægi, kasta og framkvæma aðrar grófhreyfingar með aukinni færni og sjálfstrausti, nota tæki eins og rólur, hjól, vegasalt, klifurkastala, rennibraut. Daglegur útivistartími eru tvær klukkustundir ef veður leyfir. Á góðviðrisdögum er farið í gönguferðir.

6.12 Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í menntun barna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum, leikföngum og leikefni sem þau hafa verið að vinna með. Lögð er áhersla á að ganga vel frá og setja allt á sinn stað eftir notkun. Til þess að svo megi verða eiga foreldrar að merkja öll föt og skófatnað barnanna. Börnin nota inniskó á veturna og koma með þá að heiman. Börnin í Sælukoti klæðast skólabúningum fjóra fyrstu daga vikunnar, en er frjálst að klæðast að vild sinni og foreldra sinna á föstudögum. Skólabúningar einfalda samræður foreldra við börnin um hverju skal klæðast að morgni en gefur um leið föstudeginum sérstakan blæ með frjálsu fatavali. Skólabúningar kunna að hafa menntunarlegt gildi fyrir börnin, að þau sækji sér fremur athygli og viðurkenningu með framkomu sinni og athöfnum frekar en með klæðnaði, en það er þó ekki augljóst að skipti máli, framkoma og athafnir barna hafa, til lengdar að minnsta kosti, meiri áhrif en klæðnaður.

7. Hefðir og hátíðir í Leikskólanum Sælukoti

Ýmsar hefðir hafa skapast í leikskólanum og eru í heiðri hafðar:

- ❑ **Afmæli barnanna.** Haldið er upp á afmæli barnanna í leikskólanum í samráði við foreldra. Barnið fær fallega kórónu og afmælissöng í Kærleikshringnum og einnig í nestistímanum. Venjan er að barnið bjóði deildinni sinni upp á eitthvað einfalt og gott, t.d. ávexti eða þurrkaða ávexti. Ekki er ætlast til að barnið komi með sætindi og kökur. Sú hefð er að skapast núna að afmælisbarnið færir leikskólanum sínum eina bók að gjöf. Þessar bækur eru sérstaklega merktar og hafðar á sérstökum stað á hverri deild.
- ❑ **Afmælisdagur höfundar Ný-Húmanisma, P.R. Sarkar.** Hann fæddist á fullu tungli 21. maí, 1921. Sú hefð ríkir að halda upp á afmæli hans í Sælukoti á fullu tungli í maímánuði. Þannig ber afmælisdag hans árið 2025 upp á 12. maí og við höldum hann hátíðlegan með köku og afmælissöng. Við minnumst P.R. Sarkar með þakklæti. Hann er sá fræðimaður og andlegur kennari sem vísaði okkur veg til farsæls lífs, með hugleiðslu, möntrusöng, heilnæmu fæðuvali og kærleiksríkri framkomu við náunga okkar og allar lífverur. Þess njótum við daglega í Leikskólanum Sælukoti.
- ❑ **Dagur íslenskrar tungu.** 16 nóvember.
- ❑ **Jólaundirbúningur.** Jólin gefa okkur kærkomið tækifæri til að hlakka til og undirbúa okkur fyrir komandi gleðilega atburði. Það er mikilvægt fyrir börnin að fá á tilfinninguna að tíminn færi þeim gleðilega atburði sem þau taka á móti með viðeigandi undirbúningi.

- **Jólatrésskemmtun.** Um miðjan desember er haldin jólatrésskemmtun, þar sem börnin sýna ýmis söng-, leik- og skemmtiatriði. Dansað er kringum jólatré og jólasveinninn kemur í heimsókn.
- **Öskudagur.** Allir mæta í búningum og við höldum daginn hátíðlegan.
- **Bolludagur.** Heimabakaðar rjómaðabollar í nesti.
- **Sumarhátíð** er haldin í lok maí eða byrjun júní. Þar fer fram hátíðleg útskrift elstu barnanna. Að þessu tilefni fá þau afhent viðurkenningarskjal, rós og sérstakan útskriftarhatt.
- **Sveitaferð.** Í byrjun júní er farin sveitaferð á vegum foreldrafélagsins.
- **Vinnuhelgi.** Frá stofnun Sælukots hefur það verið hefð að foreldrar leggi fram sjálfböðavinnu sem er 8 klst. á fjölskyldu á ári. Þá er komið saman eina helgi í júní og málað, smíðað, lagfært og bætt. Illgresi reytt og garðurinn snyrtur. Þetta þjónar margvíslegum tilgangi, börnin og foreldrar þeirra upplifa réttilega að þau tilheyri leikskólanum og hann sé þeirra heimili. Foreldrar kynnast vel og allt lítur svo miklu betur út á eftir.
- **Brúðubíllinn heimsóttur** þegar hann heldur sýningu uppi á „Holtinu“.
- **Dótadagur.** Einn dag í lok mánaðar fá börnin að taka með sér eitt leikfang að heiman. Stríðsleikföng eða hávaðasöm leikföng eru ekki æskileg. Mikilvægt er að merkja leikföngin.
- **Barnamenningarhátíð.** Undanfarin ár hefur leikskólinn tekið þátt í Barnamenningarhátíð og staðið fyrir viðburðum í Ráðhúsi Reykjavíkur
- **Pabba og afa kaffi.** Pabbar og afar velkomnir í heimsókn
- **Mömmu og ömmu kaffi:** Mömmur og ömmur velkomnar í heimsókn

8. Samstarf heimilis og skóla

8.1 Aðlögun barns við upphafi leikskólagöngu

Nauðsynlegt er við upphaf leikskólagöngu að gefa barninu góðan aðlögunartíma. Miðað er við að aðlögun taki um það bil viku. Smám saman er þá stytur viðverutími foreldra. Á þessari viku fær starfsfólkið góðan tíma til að kynnast bæði barni og foreldrum og foreldrar kynnast starfi leikskólans.

Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust ríki í samskiptum kennara og foreldra. Gott er fyrir kennara að vita um líðan barns og venjur heima fyrir á sama hátt og nauðsynlegt er fyrir foreldra að fá upplýsingar um það hvernig dagurinn í leikskólanum gengur fyrir sig. Oft veldur lítið atvik því hvort sem er í leikskólanum eða heima að hegðun barns er ekki söm og áður. Getu upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsmönnum að vinna úr þeim málum.

8.2 Dagleg samskipti foreldra og kennara

Gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og kennara er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.

Athugið að allir kennarar og annað starfsfólk leikskólans eru bundin þagnarskyldu og þær upplýsingar sem kennarar eða aðrir starfsmenn fá um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó að kennarar eða annað starfsfólk láti af störfum.

Lögð er áhersla á að dagleg samskipti við foreldra séu hreinskiptin og góð. Upplýsingatöflur hanga uppi á vegg við inngang allra deilda sem sýna hvernig börnin hafa borðað og líka sofið, ef því er að skipta. Í lok hverrar viku eru send rafræn fréttabréf til foreldra og mikilvægt að foreldrar fylgist vel með þessum vikupósti. Leikskólastjóri skrifar inngang að fréttabréfinu, gjarnan með hugleiðingu um menntunarfræðileg efni. Deildarstjórar skrifa um sína deild í þetta fréttabréf og treysta á þá boðskiptaleið. Þeir halda sömuleiðis úti Instagram reikningi fyrir deildina sína sem foreldrar barnanna í deildinni geta verið áskrifendur að. Skóladagatalið er aðgengilegt á heimasíðu skólans, við mælum með að foreldrar hengi það upp á góðum stað á heimilinu.

8.3 Foreldraviðtöl

Þegar barn hefur leikskólagöngu eru foreldrar boðaðir í ítarlegt viðtal þar sem gefnar eru upplýsingar um leikskólann. Foreldraviðtöl eru síðan við alla foreldra tvisvar á ári, þar sem deildarstjóri upplýsir þá um menntun, þroska og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrar segja frá sínu mati á hag barnsins í leikskólanum og veita upplýsingar um atriði sem kunna að skipta máli fyrir velferð barnsins.

Í foreldraviðtalinu er rætt um: alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti barnsins. Auk almennra spurninga spyrja foreldrarnir oft spurninga sem gaman er að ræða t.d. við hvern barnið leikur sér, hvað það getur gert sjálft án hjálpar. Hvort einhver öðrum fremur huggi það ef það meiðir sig. Hvort leikskólakennarar leiki við börnin og þá hvaða formlegum leikjum helst.

8.4 Foreldrafundir

Mikilvægt er að foreldrar þekki starf leikskólans og að á milli þeirra og kennaranna ríki raunverulegt traust. Ein leið til að tryggja það er að foreldrar séu vel inn í því sem fram fer í leikskólanum, þekki starfið og starfsfólkið. Almennur foreldrafundur er ár hvert þar sem sagt er frá starfi leikskólans og foreldrum gefst tækifæri til að ræða saman og spyrja um starfsemi skólans.

Á foreldrafundi eru foreldrar tilnefndir og kosnir í foreldrafélag og foreldraráð leikskólans.

8.5 Foreldrafélag

Í Sælukoti er starfandi foreldrafélag og verða foreldrar meðlimir um leið og barn þeirra byrjar í leikskólanum. Þrír eða fleiri foreldrar eru kostnir í stjórn foreldrafélagsins á almennum, árlegum foreldrafundi. Hlutverk stjórnar er að styðja við og standa fyrir nokkrum föstum liðum í starfsemi leikskólans, eða jólatrésballi í desember, sumarhátíð í maí eða júní og sveitarferð í júní. Að öðru leyti eftir áhuga og atvikum.

8.6 Foreldraráð Sælukots

Foreldraráð er starfandi í Sælukoti. Foreldrar kjósa fulltrúa meðal foreldra í foreldraráð á almennum foreldrafundi að hausti. Foreldraráð hefur það hlutverk að

gefa umsagnir til leikskólans og fræðslusviðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir og fylgjast með framkvæmd þeirra. Einnig hefur foreldraráðið umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Foreldraráð er vettvangur fyrir foreldra til að fylgjast með því starfi sem fram fer í leikskólanum, koma með hugmyndir og hafa áhrif (sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008).

9. Samstarf leikskóla og grunnskóla

Mikilvægt er að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla og að samfella skapist í námi barnsins frá einu skólastigi til annars. Leikskólabörnin í Sælukoti heimsækja hverfisskólann sinn á vorönn og fá að vera í kennslustund og frímínútum. Einnig fá þau að fara í íþróttatíma. Í Sælukoti eru börn úr ýmsum hverfum borgarinnar og einnig af Seltjarnarnesi. Hins vegar heimsækja nemendur okkar Melaskóla þar sem hann er hverfisskólinn okkar.

Að þessu sögðu um „samfelluna“, þá er rétt að hafa í huga að skýr kaflaskil í lífi barna kunna að vera jákvæð. Öll börn gera sér hugmyndir um nútíð sína og framtíð og vænta þess að framtíðin beri eitthvað nýtt í skauti sér og því frekar sem þeim finnst að núverandi aðstæður henti ekki lengur aldri þeirra og þroska. Tilhlökkun til að byrja í grunnskóla er bæði eðlileg og gefur barninu tækifæri til að byrja að endurhugsa sjálfsmynd sína. Börn eru þannig á þessum aldri að jafnaði undirbúin og með ríka hvöt til breytinga í lífi sínu. Skýr kaflaskil í skólagöngu þeirra geta þannig verið rétta svarið við þeim væntingum sem börnin gera sér

10. Mat á leikskólastarfinu

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 eru ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga með leikskólastarfi. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum eru samkvæmt lögnum að:

- veita upplýsingar um leikskólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

10.1 Innra mat

Samkvæmt Aðalnámsskrá leikskóla á hver leikskóli að móta aðferðir til að meta ummönnunar- og menntunarstarf í leikskólanum, stjórnunarhætti og samskipti. Í Sælukoti fer mat fram á vikulegum fundum deildarstjóra og annarra stjórnenda og á skipulagsdögum meðal almennra kennara með stjórnendum. Á þessum fundum fara fram umræður og skráning á þeim umræðum um starfsemi leikskólans í einstaka atriðum. Skoðað er hvað er að ganga vel í starfseminni, hvar úrbætur hafa átt sér

stað og hvar má gera betur. Í aðdraganda foreldraviðtala er hagur hvers barns skoðaður sérstaklega, samanber kaflann um foreldraviðtöl, en á áður nefndum fundum deildarstjóra og annarra stjórnenda að meðtöldum sérkennslustjóra eru málefni barna sem þurfa sérstakrar athygli við tekin fyrir. Viðhorfskönnun foreldra er gerð ár hvert í maí-júní ásamt könnun meðal starfsmanna.

Leikskólinn Sælukot fylgir skýrri hugmynd um innra mat á starfsemi sinni. Hún mótask af sjálfu viðhorfi leikskólans til viðfangsefnis síns. Viðfangsefni hans er velferð barna. Mælikvarði leikskólans um velferð barna helgast af óaðskiljanlegri þrennd: Að börnin séu hamingjusöm, þau menntist og þau þroskist að mögulegu hámarki sínu. Það fyrsta í þessari þrennd er grundvallaratriði. Það þýðir að leikskólinn ætlar sér ekki og reynir ekki að mennta eða stuðla að þroska barnanna á kosnað eða án tillits til hamingju þeirra. Það þýðir þó ekki að börnin lifi í leikskólanum án mótlætis af ýmsu tagi, en það mótlæti skuli þau sækja sér sjálf af þeirri eðlislægu hneigð barna að reyna ætíð að gera umfram getu sína til þess. Af þessu leiðir það meginverkefni kennara barnanna að vekja með þeim áform um athafnir, um athugun, um tilraunir, um að gera þetta eða hitt, og styðja þau í framkvæmd þess. Árangur þess er sú sigurkennd sem fylgir því að geta það sem maður ekki gat áður, skapa það sama, skilja, uppgötva, vita, kunna. Þeirri hamingjukennd um leið sem því fylgir að veruleikinn víkkar og dýpkar að mekringu, þegar til dæmis bók verður ekki lengur hlutur til að handfjatla bara einhvern veginn heldur töfragripur sem geymir á síðum sínum myndir, sem bókin gleðst yfir að börnin skoði og sögur, sem hún gleðst ekki minna yfir að kennarinn lesi upphátt fyrir börnin og að síðar muni þau geta lesið þær sjálf.

Þessi mikilvægu þáttaskil í afstöðu barnanna til veruleikans, þegar hann í einstökum atriðum og síðar almennt öðlast tilvistarlegan rétt í hugarheimi þeirra, má þakka þeim dásamlega eiginleika barna að ætla ekki aðeins tuskubangsnum sínum eigin sjálf og persónu heldur líka hvaða hlut sem er.

Tilvistarlegur réttur og gildi alls sem er myndar það ný-húmaníska leiðarstef í menntun leikskólabarna sem Leikskólinn Sælukot kennir sig við. Það leiðarstef varðar ekki aðeins tilfinningalegan þroska barnanna, getu þeirra til að annast um og hafa samhygð með og elska, heldur vitsmunalegan ekki síður vegna þeirrar staðreyndar, að öll dagleg reynsla leikskólabarna af veröldinni í stóru og smáu er námslegt viðfangsefni þeirra. Og vegna þeirrar staðreyndar um leið, að því kærara sem námslegt viðfangsefni er barninu því betur og hraðar menntast barnið og því betur og hraðar þroskast hæfileiki þess til menntunar.

Við erum því komin aftur að upphafi þessa máls, að hamingja barnanna í leikskólanum Sælukoti myndar undirstöðu, *sine qua non*, að menntun þeirra og þroska.

Þá vaknar spurningin um mat á þessari undirstöðu að árangri í öllu starfi Leikskólans Sælukots. Hvernig á að meta hvort leikskólinn er að ná árangri í hamingju barnanna. Til þess að sú spurning nái til efnisins yrðum við að gera aristókratískan greinarmun

á þremur náskyldum hugtökum, *ánægju*, *hamingju* og *velferð*. Hér er ekki rými til að fara djúpt í það efni og látum því nægja að segja, að ef rjómals getur vakið ánægju hjá barni að borða hann, þá gæti hann vissulega veitt því enn meiri ánægju ef hann vekur hjá barninu tilfinningu fyrir ást foreldris eða annars gefanda á sér. Og því sterkari er sú kennd sem barnið sjálft hefur meiri ást á gefandanum. Almennt séð má ganga út frá því að með aldri, lífsreynslu og þroska verði forsendur hamingju barns smám saman huglægari. Mannshugurinn og reyndar hugur skyldra lífvera á plánetunni Jörð, hefur, ef svo má segja, vaxið út fyrir líkamleg hóbýli sín þannig að líkamleg ánægja er mannum fráleitt nóg til að gera hann hamingjusaman. Til að gera langa sögu stutta, þá má því segja, að við mótumst eðlilega þannig, að ánægja kattarins á heimilinu gerir okkur hamingjusöm, hamingja og velferð barna okkar og annarra ástvina því frekar og, eftir atvikum, fólks yfirleitt, og þaðan af jafnvel dýra, plantna og alls sem er. Og því fremur sem við sjálf gerum köttinn ánægðan með góðu atlæti og ástúð, börnin okkar það sama um leið og við hugum að velferð þeirra, ástvina okkar og sköpunarverksins alls. Og þar sem atbeina okkar þrýtur tekur við sú afstaða okkar til heimsins að unna öllu tilvistar sinnar og samgleðjast því. Endanlega að taka mið af því sókratíska fyrirheiti og þeim ný húmaníska vegvísi að finna í innstu vitund sinni tengsl sín við elskandi vitund alheimsins sjálfs.

Fögur orð, en ný-húmanismi í leikskólastarfi gerir þau að sjálfu markmiði starfsins, að börn læri með óbrigðulu ástríku atlæti, fyrirmynd og leiðsögn að gleðjast yfir ánægju, hamingju og velferð þess veruleika sem myndar daglegt líf þeirra og sífellt stækkandi hugarheim.

Mat á árangri þessa starfs er óaðskiljanlegt frá þeirri grundvallar- kennslufræðilegu nálgun sem lýst er í upphafi þessa skjals með orðunum ***virk, ástúðleg nævera kennaranna við börnin***. Hún felur ekki aðeins í sér að börnin finni fyrir nærveru og athygli kennara síns eða sinna heldur að sú nævera sé gagnkvæm. Að samskipti kennara og barna myndi tengsl á milli þeirra sem aftur þýðir, að eins og kennararnir, hver og einn, öðlast vist í hugarheimi barnanna, þá gera börnin það sami í hugarheimi kennaranna. Með öðrum orðum, þá er sjálf forsenda þessarar kennslufræðilegu nálgunar, að kennararnir kynnist og leiti sem dýpstrar þekkingar á persónuleika hvers barns og með því öðlist þeir skýra mynd af því hvaða lífi barnið lifir í leikskólanum. Sú þekking sem kennararnir leita á persónuleika barnanna dýpkar við þá faglegu afstöðu til þeirra að þykja vænt um þau, elska þau og unna þeim hamingju og velfarnaðar. Á grundvelli slíkrar þekkingar geta kennararnir rætt við foreldra og upplýst stjórnendur um einstaka drætti í persónuleikamynd hvers barns og hvernig þeir endurspeglast í þeim aðstæðum, sem barninu eru búnar í leikskólanum. Á grundvelli slíkrar þekkingar geta kennarar, stjórnendur og foreldrar barnanna sameiginlega svarað með nokkurri vissu þessari meginspurningu um árangur leikskólastarfsins: *Er barnið hamingjusamt í leikskólanum sínum?*

En hamingja barns, nánar til tekið það hugarástand barns sem við vísum til þegar við segjum að barn sé *hamingjusamt*, á sér margvíslegar birtingarmyndir í framkomu

þess, tjáningu, athöfnum, svip og fasi, eða þeim ytri merkjum sem við teljum að vitni um þetta hugarástand sem við endanlega þekkjum ekki huglægt nema af eigin reynslu. Í tilfallandi og skipulögðum viðtölum kennara, deildarstjóra, sérkennara, sérkennslustjóra og stjórnenda leikskólans við foreldra barnanna mótað umræðuefnið eðlilega af eftirfarandi spurningum, að teknu tilliti til aldurs og þroska barnsins:

Hvernig líður barninu í leikskólanum og, eftir atvikum, heima?

Er barnið að njóta sín í leikskólanum? Við hvað eða í hvaða aðstæðum helst og við hvað og í hvaða aðstæðum síður?

Tekur barnið átúðlegu atlæti, athygli og leiðsögn kennara sinna?

Leitar barnið samskipta við önnur börn?

Deilir barnið leikföngum, rými og athörnum með öðrum börnum í leik?

Sýnir barnið umhyggju fyrir öðrum börnum?

Sýnir barnið umhyggju fyrir einkum viðkvæmum hlutum eins og bókum?

Umgengst barnið tuskudýr í leik eins og séu þau persónur?

Er barnið forvitið um eiginleika hluta á borð við þyngd, lögun og samsetningu?

Er barnið áhugasamt um abstrakt hugtök um hluti, þau sem fela í sér huglægt mat á gæðum hluta og þau sem fela í sér hlutlægt mat á fjölda, lögun, áferð eða útliti?

Er barnið áhugasamt um orð, hljóðræna samsetningu orða (t.d. um orð sem ríma saman)?

Er barnið áhugasamt um formlega hópleiki?

Börn, sem ástæða er til að sérkennslustjóri skoði nánar, undirgangast vitaskuld nánara mat, sem kann að leiða til sértækra ráðstafana í samvinnu sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, leikskóladeild. Um þau börn gildir engu að síður sú grundvallarspurning, hvort þau séu hamingjusöm í leikskólanum, eða með öðrum orðum eðlilega virk, áhugasöm, forvitin, skapandi, tilfinningarík, umhyggjusöm og gefandi. Leikskólinn reynir eftir bestu getu að koma til móts við börnin í því sem á hallar en líka í styrkleika þeirra. Barn sem ekki hefur áhuga á að setja bita í einföldu púsluspila á sinn stað þarf uppörvunar við og leiðsagnar beinlínis uns áhugi þess og skilningur á viðfangsefninu vaknar. Barn sem hefur áberandi yndi af tónum og takti þarfnast samsvarandi athygli og aðstæðna til að þroska tónlistargáfu sína.

Allt með öllu reynir leikskólinn að meta tilvist barnanna út frá þessu grundvallarviðmiði um hamingju þeirra, sem auðvitað kallar á mat hans á getu sinni til að skapa þeim hamingjusama tilveru og hvernig má viðhalda og auka þá getu hans. Sem enn og aftur leiðir okkur til upphafs þessa máls alls. Það reynir leikskólinn að gera með ***virkri, ástúðlegri nærveru kennaranna við börnin.***

11. Sérfræðipjónusta

Sérfræðipjónusta, sem leikskólinn veitir börnum vegna hvers kyns sérparfa sem þau kunna að hafa, er í samvinnu við Sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, leikskóladeild. Sérparfir geta verið vegna málproska, fötlunar, proska- og hegðunarvanda, tilfinningalegra frávika auk sérstakra aðstæðna barna. Þjónustan miðast við að gera börnum unnt að njóta sín í hópi annarra barna á eigin forsendum og styrkja þau á sem fjölbreyttastan hátt.

12. Lokaorð

Það er von okkar í Sælukoti að þessi námskrá gefi góða mynd af starfinu sem þar fer fram. Eins og sjá má þá er hún líka hugsuð sem námsgagn fyrir kennara leikskólans og leiðarvísir. Aðkoma kennara að endurskoðun hennar þjónaði um leið sem námskeið fyrir þá í þeirri hugmyndafræði sem Leikskólinn Sælukot byggir tilvist sína á, þá menntunarfræði sem sú hugmyndafræði hefur getið af sér í tengslum við staðbundnar aðstæður í íslensku samfélag og, síðast en ekki síst, í þeirri umönnun og menntun barnanna sem sú menntunarfræði kallar á. Endurskoðun námskrárinnar lauk að þessu sinni í lok árs 2025 en er í rauninni stöðugt viðfangsefni okkar í reynd. Hún miðaði fyrst og fremst að því að fá skýrari mynd, skýrari lýsingar og skilgreiningar á fyrirliggjandi texta.

12.1 Yama og Niyama söngurinn

Lag: Grænt, grænt,grænt er grasið út í haga.

Við sköðum ekki á neinn veg

Tölum mál hins elskandi sannleika

Tökum ekki það sem ekk' er okkar

Vitum að einfalt líf er gott.

Við skulum elska birtu Guðs í öllu

Öllu því sem andar vex og syngur

Nettu og hreinu' að innan sem utan

Vera sátt við allt sem við eigum

Við þjónum öllum verum ef við megum

Lesum góðar bækur sérhvern dag

innra með okkur skín skært ljós

Í hugleiðslu þekkjum við guð

13. Hafa samband

Leikskólinn Sælukot

Þorragötu 1

101 Reykjavík

Sími leikskólans: 5628533.

Sími Dídí: 6120233.

Sími leikskólastjóra: 8680680.

Sími Stjörnupöku: 8544827.

Sími Alheims: 8406120.

Sími Himins: 8448275.

Sími Vetrarbrautar: 8359581.

Almennt netfang: saelukot@gmail.com/

Netfang leikskólastjóra:

leikskolastjorisaelukot@gmail.com

Heimasíða: www.saelukot.is

14. Umsögn foreldraráðs um skólanámskrá leikskólans

Leikskólinn Sælukot

Samræmast áherslur skólanámskrár starfi leikskólans?

Já, áherslur skólanámskrár Sælukots samræmast starfi skólans.

Er skólanámskrá aðgengileg og auðlesanleg?

Já, námskrá er aðgengileg, auðlesanleg og skýr og lýsir starfi og áherslum skólans vel.

Er skólanámskráin góð kynning fyrir foreldra?

Já, í skólanámskrá koma áherslur skólans og kennslufyrirkomulag fram með skýrum hætti. Í skólanámskrá er tilgreint með skýrum hætti hvernig skólanámskrá er nánari útfærsla aðalnámskrár leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun skólans, þar sem markmið eru sett fram og skilgreindar leiðir til að ná þeim markmiðum.

Eru einhverjar athugasemdir við skólanámskrána?

Vel var brugðist við athugasemdum sem SFS gerði um skólanámskrá fyrir 2025 og foreldraráð samþykkir þær lagfæringar sem hafa orðið á skólanámskránni fyrir árið 2026.

Gert 30. Janúar 2026

Fulltrúa í foreldraráði;

[Sign]

Silja Jóhannsdóttir

Ingibjörg Eypórsdóttir